



FARSKÓLI FÍ SOS 2019

Patreksfjörður 2. - 5. Október

Farskólaskýrsla

Netagerð



Farskólastjórn:

Inga Hlín Valdimasdóttir – Minjasafninu að Hnjóti

Aldís Snorradóttir – Listasafni Reykjavíkur

Ármann Guðmundsson – Þjóðminjasafni Íslands

Sigurlaugur Ingólfsson - Borgarsögusafni

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Inngangur	3
Skipulag Farskóla FÍSOS 2019	3
Dagskrá Farskóla FÍSOS 2019 Patreksfirði	5
Málstofur á Farskóla FÍSOS 2019 Patreksfirði	7
Málstofur 1 – 10:00-10:45	7
Málstofur 2 - 10:55-11:40	8
Málstofur 3 - 14:45-16:15	8
Málstofur 4 – 16:25-17:45	10
Niðurstöður Málstofa	12
Árangur í safnastarfi	12
Flutningur á safnkosti	15
Lifandi safn	16
Museum hacks	17
Listin talar tungum	18
Fornleifarannsóknir og safnastarf	19
Varðveisla kvikra myndverka hjá Listasafni Reykjavíkur	21
Menntun barna í söfnum	22
Safnaklasar	25
Sarpur – Leikreglur um notkun kerfisins og mikilvægi vandaðra skráninga	27
Gildi viðburða fyrir söfn. Allt frá bullandi velgengni til konunglegs klúðurs!	28
Of dýrt, of seint? Hvað ber að gera í bátavarðveislu?	30
Blái skjöldurinn - Öryggismál á söfnum	36
Vettvangsferð	37
Niðurstöður úr skoðanakönnun	38
Ársreikningar Farskóla FÍSOS 2019	41

Inngangur

Dagana 2. - 5. október 2019 fór árlegur farskóli safnmanna fram á Patreksfirði. Hér fer á eftir greinagerð um undirbúning farskólans, dagskrá hans sem og annað sem gert var.

Farskólastjórn vill koma fram þakklæti til Minjasafnsins að Hnjóti, Listasafns Reykjavíkur, Þjóðminjasafns Íslands og Borgarsögusafns Reykjavíkur fyrir að gefa fulltrúum í farskólastjórn svigrúm til undirbúnings á vinnutíma. Þá er þeim félögum FÍSOS sem tóku að sér málstofur færðar sérstakar þakkir.

Yfirskrift skólans var *Netagerð* og var leitast við að bjóða upp á fjölbreytta dagskrá þar sem allir gætu fundið eitthvað við sitt hæfi. Lögð var áhersla á jafningjafræðslu í farskólanum að þessu sinni og því samanstóð dagskráin af nokkurm ólíkum málstofum á hverjum tíma fyrir sig.

Líkt og fyrri ár er farskólanum ætlað að vera vettvangur símentunar og tengslamyndunar þar sem safnafólk kemur saman og skiptist á skoðunum og ræðir brennandi mál líðandi stundar.



Farskólanemar á faraldsfæti. Mynd HG.

Skipulag Farskóla FÍSOS 2019

Málstofuformið

Farskólanefndin 2019 ákvað það snemma í undirbúningsferlinu að gera róttækar breytingar á skipulagi farskólans. Undanfarin ár, og raunar áratugi, þá hefur fyrirkomulagið yfirleitt verið með þeim hætti að heill, eða hálfur, dagur hefur farið í flutning stuttra fyrirlestra, og í kjölfarið hefur gefist svigrúm fyrir spurningar. Á sumum skólum hafa þátttakendum svo verið skipt upp í smærri hópa, og fundað í málstofum.

Núverandi nefnd ákvað að umbylta þessu fyrirkomulagi og sótti innblástur í ráðstefnur sem meðlimir hafa sótt erlendis. Ákveðið var að óska eftir fyrirlesurum, málstofur yrðu lengri, ýmist 45 mínútur eða 90 mínútur. Málstofustjórar voru hvattir til að hafa kynningar sínar með myndastuðningi og bjóða upp á umræður. Nefndarmenn ákváðu að leita til nokkurra aðila að fyrra bragði, að hluta til af ótta við að fáir biðu sig fram. Reyndin varð önnur hinsvegar og fleiri lögðu fram tillögu að málstofum en reiknað hafði verið með. Nefndin hafði það einnig bakvið eyrað að reyna að finna málstofustjóra sem buðu upp á ólíka efnispætti, svo sem flestir myndu finna eitthvað við sitt hæfi. Sérstaklega var reynt að höfða til starfsmanna á listasöfnunum, enda mat nefndarinnar að þátttaka þeirra hafi stundum verið dræm, og er það mat nefndarinnar að sú stefna hafi skilað sér í mikilli þátttöku starfsmanna íslensku listasafnanna.

Í kjölfar farskólans var ákveðið að senda út könnun meðal þátttakenda til að fá álit þeirra á því hvort þessi nýbreytni hafi mælst vel fyrir og var það mat flestra, eða 92,9%.

Nefndinni var það þó ljóst að mögulega myndi einhverrar óánægju gæta, því þar sem fjórar málstofur fóru fram á sama tíma urðu margir að velja og hafna. Á móti kemur að það er mat nefndarinnar að með þessu móti gæfist meira rými fyrir málstofustjóra að fara dýpra í efnið, en hafi verið raunin við eldra fyrirkomulagið, auk þess sem meira rými skapaðist fyrir þátttöku, sem við teljum mikilvægt.

Er það von nefndarinnar að farskólar framtíðarinnar muni hafa þetta fyrirkomulag á skólanum að leiðarljósi.

Vettvangsferðir, árshátíð og utandagskrá

Ferðalagið til Patreksfjarðar er tímafrekt og dagskrá farskóla stíf, svo ákveðið var að gera ferðalagið vestur sem þægilegast. Heimsóttir voru tveir staðir, Byggðasafn Dalamanna á Laugum í Sælingsdal og Gamli Prestbússtaðurinn á Brjánslæk. Þá var ákveðið að bæta einum degi við hefðbundna dagskrá og hafa heilan dag undir vettvangsferðum og árshátíð.

Þá var athygli vakin á ýmsum stöðum á Patreksfirði, sem þátttakendum í farskóla stóð til boða að heimsækja í svokallaðri utandagskrá. Þetta var gert til að vekja athygli á ýmissi starfsemi í bænum, en einnig var þetta góð afsökun fyrir þátttakendum að líta uppúr dagskránni og skoða eitthvað nýtt.

Dagskrá Farskóla FÍSOS 2019 Patreksfirði

Miðvikudagur 2. október 2019

10:30 Laugar í Sælingsdal. Heimsókn á Byggðasafn Dalamanna og hádegismatur

14:00 Gamli Prestsbústaðurinn á Brjánslæk. Sýning um náttúruvættið Surtarbrandsgil, kaffi og meðí

16:00 Skráning og afhending gagna í Skjaldborgarbíói Patreksfirði

17:00 Aðalfundur FÍSOS

19:00 Móttaka í Húsinu - Creative space. Léttar veitingar í boði

Fimmtudagur 3. október 2019

8:30 Morgunkaffi í Skjaldborgarbíói

9:00 Stefræða: Marie Briguglio frá Malta University

9:45 Kaffi

10:00 Málstofur 1

Skjaldborgarbíói: Soffía Margrét – Hakkarahugmyndafræði

FHP: Sandra Sif Einarsdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir – Flutningur safnkosts

FHP: Ármann Guðmundsson – Árangur í safnastarfi

FHP: Sigurlaugur Ingólfsson – Lifandi safn

10:45 Kaffipása

10:55 Málstofur 2

Skjaldborgarbíói: Markús Þór Andrésson – Útilistaverk í Reykjavík, stafræn miðlun

FHP: Þóra Björk Ólafsdóttir – Nýr strúktúr á umsóknum í safnasjóð

FHP: Aldís Snorradóttir – Listin talar tungum

FHP: Berglind Þorsteinsdóttir – Fornleifarannsóknir og safnastarf

11:40 Hádegisverður í FHP og laus tími fyrir sérhagsmunahópa

13:00 FHP: Eypór Eðvarðsson – Útbrunninn og stressaður

Streita er einkenni daglegs lífs, öll upplifum við streitu.

14:30 Kaffipása

14:45 Málstofur 3

Skjaldborgarbíói: Sarpur – Leikreglur um notkun kerfisins og mikilvægi vandaðra skráninga

FHP: Fulltrúar Listasafns Íslands og Þjóðminjasafns Íslands – Samráð um miðstöð um menntun barna í söfnum. Þarfir og hugmyndir notenda í safnageiranum

FHP: Guðrún Jónsdóttir – Safnaklasar

FHP: Edda Halldórsdóttir og Sigríður Regína Sigurbórsdóttir – Varðveisla kvikra myndverka hjá Listasafni Reykjavíkur

16:15 Kaffipása

16:25 Málstofur 4

Skjaldborgarbíói: Aníta Elefsen og Helgi M. Sigurðsson – Hvað ber að gera í bátavarðveislu?

FHP: Ágústa Rós Árnadóttir – Gildi viðburða fyrir söfn

FHP: Blái Skjöldurinn – Öryggismál á söfnum

FHP: Ingibjörg Hannesdóttir – Miðlun menningarauðsins á tungumáli tækninnar



Stefræða Marie Briguglio. Mynd HG.

Utandagskrá:

Opið hús: Gamli Spítalinn, Aðalstræti 69
Opið hús: Frönsku fiskimennirnir og gamli tíminn.
Sýning á Mýrum 8
Sundlaug
Patreksfjarðar
Sundlaug
Tálknafjarðar
Bíltúr á Bíldudal
Pub quiz á Húsinu – creative space kl 20:30



Eyþór Eðvarðsson flutti erindi um streitu. Mynd HG.

Föstudagur 4. október 2019

9:00 – 17:00 Vettvangsferð Hnjótur: Safnaheimsókn, leiðsögn, umræður og verkefni. Listasafn Samúels Jónssonar í Selárdal: Ólafur Engilbertsson, Kári Schram og Gerhard König taka á móti farskólagestum og segja frá starfinu
18:30 Árshátíð FÍSOS í Félagsheimili Patreksfjarðar

Laugardagur 5. október 2019

10:00 FHP: Kveðjustund og brottför

*FHP: Félagsheimili Patreksfjarðar

Málstofur á Farskóla FÍSOS 2019 Patreksfirði

Málstofur 1 – 10:00-10:45

Ármann Guðmundsson

Í nútímasamfélagi er það að verða æ mikilvægra að miðla réttum upplýsingum til réttra aðila á réttum tíma. Árangur af safnastarfi er þar engin undantekning. Í safnaumhverfinu á Íslandi getur það skipt sköpum hvernig söfn miðla árangri og til hverra. Enn mikilvægara er að safnafólk taki sjálft virkan þátt í mótun og hönnun kerfa sem eiga að mæla árangurinn. Í vinnustofunni verður reynt að svara því hvaða árangursmælikvarðar eru best til þess fallnir að mæla árangur í safnastarfi og hvernig slík mæling getur stuðlað að bættu starfi innan safna og árangri þeirra almennt.

Sandra Sif Einarsdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir

Flutningar Þjóðminjasafns Íslands í nýtt varðveislusetur í Hafnarfirði hafa nú staðið yfir í þrjú ár og mikil þekking og reynsla í flutningi á safnkosti hefur áunnist á þessum tíma. Sagt verður frá flutningsferlinu og kynntar verða lausnir á ýmsum vandamálum sem komið hafa upp. Staðlaðar flutningsaðferðir henta ekki alltaf safnkosti sem er bæði mjög viðkvæmur og einstaklega fjölbreytilegur. Að kynningu lokinni verða umræður þar sem þátttakendur eru hvattir að koma með dæmi frá eigin vinnustöðum sem þarfnast lausnar.

Sigurlaugur Ingólfsson

Oft heyrum við safnafólk hugtakið „lifandi safn“ notað, án þess að hugtakið sé útskýrt. Í þessari málstofu mun Sigurlaugur Ingólfsson, starfsmaður á Árbæjarsafni, leiða málstofu um hvernig hægt er að gera söfn „lifandi“. Mörg söfn hafa staðið fyrir handverksdögum, og mun málstofustjóri velta upp ýmsum hugmyndum um viðburði sem geta leyft söfnum að sækja fram með þeim hætti.

Soffía Margrét Magnúsdóttir

Hakkara-hugmyndafræði og söfn. Soffía hefur mikla reynslu af því að vinna með ungu fólki s.s. í Fab Lab og við Fjölbrautaskólann í Breiðholti þar sem hún hefur nýtt sér möguleika safna við að tengjast ungafólkinu með aðstoð safnkosts og stafrænnar tækni.

Málstofur 2 - 10:55-11:40

Aldís Snorradóttir

Verkefnið Listin talar tungum hóf göngu sína á Listasafni Reykjavíkur árið 2017 en verkefninu er ætlað að skapa vettvang þar sem fræðsla og viðburðir taka mið af þörfum fólks af erlendum uppruna. Aldís Snorradóttir verkefnastjóri miðlunar hjá Listasafni Reykjavíkur mun fjalla um hvernig hefur gengið með verkefnið og þau tækifæri og áskoranir sem safnið hefur staðið frammi fyrir.

Markús Þór Andrésson

Markús Þór Andrésson, deildarfulltrúi sýninga og miðlunar hjá Listasafni Reykjavíkur segir frá aðdraganda og útgáfu safnsins á smáforritinu „Útilist í Reykjavík“. Þar má nálgast fræðslu og afþreyingu í snjalltækjum sem byggist á þeim allt að tvö hundruð myndlistarverkum sem safnið hefur umsjón með í almenningsrými borgarlandslagsins.

Þóra Björk Ólafsdóttir

Kynning á nýjum strúktúr á umsóknum úr safnasjóði og evrópsku samstarfsverkefni sem Safnaráð er þátttakandi í.

Berglind Þorsteinsdóttir

Fornleifarannsóknir og safnastarf. Kynning á þeim rannsóknum og samstarfsverkefnum sem Byggðasafn Skagafjarðar hefur starfað að á undanförunum árum. Hvernig hefur tekist til og hvað hefur áunnist? Hvaða sóknarfæri eru í slíku rannsóknarstarfi fyrir söfn?

Málstofur 3 - 14:45-16:15

Edda Halldórsdóttir og Sigríður Regína Sigurbórsdóttir

Fjallað um varðveislu kvikra myndverka og stafrænna miðla á söfnum með áherslu á safnkost Listasafns Reykjavíkur. Vorið 2017 stóð safnið fyrir viðamiklu sýningarverkefni, Hrinu, þar sem stór hluti kvikra myndverka í safneign safnsins var settur upp. Mikilvægur þáttur í sýningunni laut að innra starfi safnsins og á sýningartímabilinu voru tekin viðtöl við listamennina um hugmyndalega og tæknilega þætti verkanna m.t.t. skráningar og varðveislu til framtíðar. Í sumar hefur verið starfrækt verkefni á vegum Nýsköpunarsjóðs Námsmanna þar sem varðveisla og meðhöndlun þessa safnkosts er rannsökuð enn frekar.

Edda Halldórsdóttir er listfræðingur og verkefnastjóri skráningar í deild safneignar og rannsókna hjá Listasafni Reykjavíkur. Edda segir frá vinnu sinni við safnið og deilir reynslu af námskeiði sem hún sótti hjá MoMA – Museum of Modern Art í New York sumarið 2018 sem bar titilinn Caring for Time Based Media Artworks in Collections.

Sigríður Regína Sigurpórsdóttir lauk meistaraþrófi í kvikmyndavargveislu frá New York-háskóla síðastliðið vor. Hún starfar hjá Kvikmyndasafni Íslands ásamt því að vinna að rannsókn á varðveislu tímatengdrar myndlistar hjá Listasafni Reykjavíkur

Fulltrúar Listasafns Íslands og Þjóðminjasafns Íslands í samstarfsnefnd um Miðstöð um menntun barna í söfnum.

Listasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands fengu nýverið úthlutað styrk úr Barnamenningarsjóði. Ætlunin er að nota styrkféð meðal annars í að koma á fót miðstöð um menntun barna í söfnum. Um stofnun og starfsemi miðstöðvarinnar verður leitað til utanaðkomandi ráðgjafa og til væntanlegra notenda hennar; safnafólks og kennarastéttarinnar. Miðstöðin rúmar fjölbreytta starfsemi svo sem hugmyndabanka, fundi, málþing, námskeið og vinnustofur.

Á málstofunni er verkefnið kynnt og safnafólk beðið að leiða hugann að því hvar þörfin liggur þegar kemur að móttöku og fræðslustarfi sem miðar að börnum og þannig taka þátt í að móta starf miðstöðvar um menntun barna í söfnum.

Guðrún Jónsdóttir

Málstofa um safnaklasa þar sem ólík söfn eru rekin undir einum hatti. Farið yfir kosti og galla slíks fyrirkomulags með tilliti til reynslunnar í Borgarfirði þar sem fimm söfn hafa starfað saman í sextíu ár. Hvernig hafa þau aðlagast? Hentar þetta rekstrarfyrirkomulag í dag út frá ytra rekstrarumhverfi og samtíma? Rætt um stöðu slíkra stofnana, sóknarfæri, skapandi starf, þjónustu og tengsl við nærsamfélagið.

Sarpur

Stafræn tækni umbreytir því hvernig söfn nálgast safneignina sína. Hvernig þau varðveita, túlka og endurskoða hana. Aðgengi að þess háttar gagnagrunni eykur möguleikana á rannsóknum og miðlun safneigna og gerir safnamönnum til dæmis kleift að vinna verkefni og framkvæma rannsóknir og stjórnásluverkefni án þess að leita að gögnum handvirkir. Stafræn skráning safneignar skapar þannig yfirsýn sem ekki var áður fyrir. Með þess háttar aðgengi er auðveldara fyrir söfn að leita í eigin safneign á bæði ytri og innri vef Sarps, ásamt möguleikanum á að fá innsýn í safneign annarra safna. Undanfarið hefur Skráningarhandbók Sarps verið í mótun sem verður aðgengileg öllum safnamönnum. Það gefur tilefni til umræðu og viljum við á þessari málstofu endurskoða og ræða tækin og tólin sem eru til staðar í Sarpi, ásamt miklvægi, réttmæti og gæði skráningar í kerfinu.

Cecilie Gaihede og Þorvaldur Böðvarsson stýra málstofunni

Málstofur 4 – 16:25-17:45

Aníta Elefsen og Helgi M. Sigurðsson

Hvað ber að gera í bátavarðveislu?

Fáum blandast hugur um hve mikilvægir bátar hafa verið Íslendingum í gegnum aldirnar. Bæði sem samgöngutæki og atvinnutæki til útgerðar og fiskveiða. Þrátt fyrir sögulegt mikilvægi sitt hafa skip og bátar verið hornreka þegar kemur að opinberum styrkjum og á sama tíma verið minjavörslunni krefjandi viðfangsefni. Bátar eru stærri og plássfrekari en flestir aðrir safngripir og því oft bæði dýrt og krefjandi að varðveita þá og viðhalda. Af þeim sökum hafa eigendur ekki alltaf haft fjárhagslegt bolmagn til að varðveita þá við viðunandi aðstæður eða með viðunandi hætti. Jafnframt hefur skort skilning á sögulegu gildi þeirra og hvernig skuli tryggja varðveislu þeirra. Í því ljósi má merkilegt telja hve margt hefur verið vel gert þegar allt kemur til alls.

Undanfarin misseri hefur stjórn Sambands Íslenskra sjóminjasafna unnið að tveimur viðamiklum verkefnum, annars vegar svokölluðu varðveislumati fyrir skip og báta, og hins vegar heildstæðri bátaskráningu. Í málstofunni verða verkefnin kynnt og málefni bátavarðveislu rædd.

Varðveislumatið er í senn bæði leiðarvísir og verkfæri fyrir alla þá sem koma að varðveislu eldri báta, t.d. SÍS, sjóminjasöfn í landinu og aðrar stofnanir sem vinna að minjavernd. Þá mun leiðarvísirinn koma að góðum notum fyrir hugsanlegan hóp sérfræðinga sem hefði varðveislumat á sinni könnu, bátaverndarnefnd eða viðlíka, ef að hún verður einhvern tímann stofnuð. Tilgangur varðveislumatsins er fyrst og fremst að stuðla að bættri bátavernd og gera alla vinnu markvissari við ákvarðatökur um hvað æskilegt sé að varðveita fyrir framtíðina og hvað ekki sem og að tryggja að ákvörðun um að taka bát til varðveislu sé byggð á faglegum grunni og þekkingu á menningarsögulegu gildi hans, bæði staðbundið og á landsvísu.

Bátaskráin er ítarleg skrá fyrir skip og báta í eigu safna og setra á Íslandi sem og sjófæra báta, eldri en 1950, á skipaskrá Samgöngustofu. Skráin nær yfir 190 skip og báta og telur nær 1.000 blaðsíður. Tilgangur hennar er að safna upplýsingum um fornþáta landsins og gefa yfirlit yfir stöðu bátaverndar í landinu. Skráin mun vonandi stuðla að bættri bátavernd og auðvelda alla vinnu við ákvarðatökur um hvað æskilegt sé að varðveita og hvað ekki. Ennfremur er skránni ætlað er að gera bátaarfinn sýnilegan umfram það sem nú er í þeirri von að auka skilning stjórnvalda og almennings á gildi hans. Skráin mun jafnframt stórbæta aðgengi almennings að þessum hluta menningararfsins og auðvelda frekari rannsóknarvinnu.

Ágústa Rós Árnadóttir

Í þessari vinnustofu verður fjallað um gildi viðburða fyrir söfn og farið yfir hvað einkennir góðan viðburð og þau skref sem þarf að taka til að verkefnið sé vel heppnað. Þá verður einnig farið yfir það sem skal forðast og hvað getur helst farið úrskaiðis. Vinnustofan verður byggð upp með fyrirlestri, raunverulegum dæmisögum og þátttakendum beðnir um að taka virkan þátt í

umræðum sem verða fléttaðar inn í fyrirlesturinn. Markmiðið er að við lærum hvert af öðru og öðlumst verkfæri til að framkvæma framúrskarandi viðburð.

Blái Skjöldurinn

Öll söfn þurfa að vera með viðbragðs- og björgunaráætlun fyrir safnkostinn en hversu raunhæf getur sú áætlun verið? Á málstofunni verður stutt kynning á starfsemi Bláa skjaldarins og síðan verður farið yfir uppbyggingu viðbrags- og björgunaráætlunar. Þátttakendur verða hvattir til að ræða öryggismál og deila reynslu sinni. Í seinni hluta málstofnunnar verður farið í hópavinnu með áherslu að leysa verkefni.

Nathalie Jacqueminet er forvörður, safnafræðingur og listfræðingur að mennt. Hún vann lengi á

Þjóðminjasafni Íslands og er nú sjálfstætt starfandi. Hún tók þátt í að stofna landsnefnd bláa skjaldarins á Íslandi árið 2014 og hefur tekið þátt í mörg verkefni tengd öryggismál safna.

María Karen Sigurðadóttir er forvörður og stjórnsýslufræðingur að mennt. Hún deildarstjóri minjavörslu og rannsókna á Borgarsögusafni Reykjavíkur, er formaður Bláa skjaldarins og þýddi m.a.: Undirbúningur neyðaráætlunar fyrir menningarstofnanir, árið 2000.

Ingibjörg Hannesdóttir

Erindi um miðlunarhlutverk safna, menningar- og myndlæsi ungra gesta safnsins, sóknarfæri safna í nýjum miðlunarleiðum með hjálp tækniframfara og mikilvægi þess vera samferða almennri þróun í skólakerfinu og samfélaginu almennt. Kynntar verða ýmsar tilraunir sem söfn og skólakerfi hafa gert á þessu sviði og velt upp möguleikum íslenska safnaumhverfisins í því að taka forskot í þessu mikilvæga miðlunarhlutverki sínu til næstu kynslóðar.

Niðurstöður Málstofa

Hér á eftir birtast niðurstöður málstofustjóra úr þeim málstofum sem stóðu til boða á Farskóla FÍSOS 2019 á Patreksfirði. Greint er frá tilhögun, umræðum og eins og fyrr segir helstu niðurstöðum.

Árangur í safnastarfi

Málstofustjóri: Ármann Guðmundsson (Þjóðminjasafn Íslands)

Fjöldi í málstofu: 25

Málstofan hófst á stuttri kynningu frá málstofustjóra á viðfangsefninu og helstu hugtökum er varðar það. Því næst var hópnum skipt niður í sex hópa sem fengu það verkefni að greina hvaða þættir safnastarfs væru mikilvægustu atriðin í mati á árangri í safnastarfi og koma með rökstuðning fyrir sínu vali. Áður en hópavinnan hófst útteildi málstofustjóri spurningum sem þáttakendur fengu send fyrir málstofuna. Spurningarnar áttu að vera leiðarstef inn í hópavinnuna. Spurningarnar voru:

1. Fer fram einhverskonar mæling á árangri innan þinnar stofnunar? EF Já – Hvernig. Ef nei – Hvers vegna ekki? Hvernig er árangri stofnunarinnar miðlað og til hverra? 2. Hvaða árangursmælikvarðar væru líklegastir til að mæla árangur safnastarfs. Gefið hverjum mælikvarða einkunn frá 1 upp í 6 (1= ólíklegur, 2= fremur ólíklegur, 3=hvorki né, 4= fremur líklegur, 5= líklegur, 6= á ekki við) rökstyðjið valið.

Þáttaka á samfélagsmiðlum

Fjöldi heimsóknna á heimasíðu stofnunarinnar

Fjölbreytileiki starfsfólks og gesta

Starfsánægja innan stofnunarinnar

Fjöldi útgefinna verkefna og greina

Fjöldi birtinga í miðlum

Fjöldi fyrirspurna og beiðna frá almenningi

Fjöldi forvörsluverkefna

Fjöldi af nýjum safnkosti

Fjöldi skráninga á safnkosti (nýskráningar og yfirfarnar)

Fjöldi rannsóknaverkefna

Gæði þjónustunnar

Fjöldi fyrirlestra eða viðburða

Ánægja safngesta

Samvinna við utan að komandi aðila

Fjöldi nemenda í skipulögðum heimsóknum

Fjöldi gesta

Rekstur stofnunarinnar (útgjöld v.s rekstrarfé)

3. Eru mælikvarðar á listanum sem ekkert hafa með árangur af safnastarfi að gera?

4. Vantar mælikvarða inn á listann?

5. Hvernig geta þeir árangursmælikvarðar sem þú valdir stuðlað að bættu starfi innan safna og árangri þeirra almennt?

Niðurstöður úr hópavinnu:

Spurningar 1, 2 og 3.

Hóparnir voru sammála um mikilvægi þess að setja sér markmið og reyna með einhverjum hætti að mæla árangurinn. Þetta er þó alls ekki auðvelt og að mörgu að huga að. Nefnt var hvort árangursmælingar að þessu tagi henti söfnum yfirleitt þar sem starfsemi þeirra væri fremur óþreifanleg. Ennfremur var nefnt að árangursmælingar væru tímafreakar og kostnaðarsamar en mikilvægt væri að þær skiluðu árangri en yrðu ekki til þess að flækja hlutina um of. Það kom einnig fram að söfnin væru að nota ýmiskonar kerfi til að mæla árangur en oft virðist vanta upp á eftirfylgni og eftirgjöf. Ef starfsfólk safna eigi að sjá sér hag í árangursmælingum má ekki vanrækja eftirfylgnina því annars sér fólk ekki tilganginn í gagnasaöfnunni.

Spurning 4, Mælikvarðar sem vantar:

Eitt af aðalverkefni hópa starfsins var að svara þeirri spurningu hvort það vantaði einhverja mælikvarða inn í upptalninguna sem útteilt var. Þáttakendur voru sammála því að allra helst vantaði meira af mælikvörðum sem mældu gæði fremur en magn. Ennfremur að þeir mælikvarðar sem mældu magn þyrftu að hafa skilgreind gæðaviðmið þar sem magnið í sjálfu sér segir lítið til um árangurinn. Hér fyrir neðan má sjá fleiri mælikvarða sem þáttakendum fannst vanta.

Þáttöku sjálfboðaliða

Sjálfbóðaliðar eru mikilvægur hluti af safnastarfi og það þyrfti að vera til mælikvarði sem metur árangurinn af fjölbreyttu og mikilvægu starfi sjálfbóðaliða innan safna.

Mæla árangur starfsmanna

Það er vitanlega mikilvægt að mæla árangur safna í heild sinni en ekki síður mikilvægt að reyna mæla árangur starfsmannanna sjálfra. Að mati þáttakenda vantaði mælikvarða sem náði yfir starfsfólkið og árangur þess.

Viðhorfsbreytingar í samfélaginu

Það vantar mælikvarða sem er sniðinn að því að mæla árangurinn af því hvernig safni gengur að breyta viðhorfum í samfélaginu til dæmis hvað varðar gæði í safnastarfi.

Endurteknar heimsóknir gesta

Öll söfn telja fjölda gesta sem þau heimsækja og er það algengur mælikvarði en það vantar að hanna mælikvarða sem heldur utan um endurkomu gesta enda gefur sú tala mjög glögga mynd á gæðin í safnastarfinu. Gestur sem kemur aftur á safn kemur vegna þess að viðkomandi leist vel á í fyrsta skiptið og vill meira. Það bendir til þess að safnið sé að gera rétta hluti. Þess vegna væri viturlagt að mæla endurkomu gesta samhliða því að telja inn gesti. Söfn gætu sett sér gæðaviðmið um ákveðið hlutfall af endurkomu gestum sem vísbending um árangur.

Fjöldi þeirra sem sækir viðburði

Í staðinn fyrir að mæla fjölda sýninga og fyrirlestra ætti að mæla fjölda þeirra sem sækja slíka viðburði. Slíkur mælikvarði er líklegri til þess að mæla árangur safna af viðburðunum þar sem markmiðið er ekki fyrirlesturinn í sjálfu sér heldur að einhverjir mæti á hann.

Mæla gæði sýninga

Sýningar eru mikilvægur hluti safnastarfs og það vantar mælikvarða sem er sniðinn að mælingu á gæðum sýninga.

Samtal og samstarf safna

Samstarf milli safna er mikilvægur þáttur í velgengni þeirra. Mörg söfn eru faliðuð og þess vegna er samstarfið og samtalið við aðrar sambærilegar stofnanir mikilvægar. Það vantar mælikvarða sem er sniðinn að því hversu vel viðkomandi safni gengur að virkja og viðhalda samstarfi og þá í framhaldinu hvort það samstarf sé að skila tilsettum markmiðum.

Lýðheilsa og söfn

Söfn hafa áhrif á hamingju og lýðheilsu almennt og mikilvægt væri að mæla, með reglubundnum hætti, í formi spurningakannana og viðtala með hvaða hætti söfn bæta lýðheilsu.

Spurning 5.

Ekki gafst tími til þess að kafa nægilega djúpt í spurning 5.

Niðurstaða málstofu:

Tíminn sem málstofan fékk var alltof lítill. Hópaþinnan var rétt hafin, að mati þáttakenda, þegar kynna átti niðurstöðurnar. Hóparnir komust því ekki yfir það verkefni sem fyrir þá voru sett á þeim tíma sem gefinn var.

Mikilvægt að mæla árangur safnastarfs en fremur ætti að mæla gæði en magn. Hanna þyrfti fleiri mælikvarða sem snúa að gæðum og áhrifum safna.

Mikilvægt að halda þessari vinnu áfram.

Flutningur á safnkosti

Málstofustjórar: Sandra Sif Einarsdóttir (Þjóðminjasafn Íslands) og Sigríður Þorgeirsdóttir (Þjóðminjasafn Íslands)

Fjöldi í málstofu: 15

Málstofan „Flutningur safnkosts“ var haldin á Fosshótel, fimmtudaginn 3. október. Upphaflega höfðu 15 manns skráð sig á málstofuna en nokkuð fleiri mættu þegar á hólminn var komið.

Málstofan var samansett af fyrirlestri og umræðum við þáttakendur. Í fyrirlestrinum var farið yfir helstu ástæðurnar fyrir flutningunum Þjóðminjasafns Íslands í nýtt varðveisluhúsnæði í Hafnarfirði. Kynnt var hvernig að flutningunum var staðið, hvað við höfðum lært á leiðinni og að miðla þessari reynslu áfram til safnafólks.

Ein af helstu ástæðum flutninganna var að Þjóðminjasafnið var að missa þrjú húsnæði sem voru nýtt sem fjargeymslur. Þar að auki voru aðalgeymslur Þjóðminjasafnsins í Vesturvör 16-20 í Kópavogi farnar að fyllast og farið að örla á plássleysi fyrir bæði gripi munasafnsins og ljósmyndasafns, sem og fyrir starfsfólk. Einnig var farið yfir helstu atriði sem við töldum að myndi nýtast öðru safnafólki sem er/ var í svipaðri stöðu og Þjóðminjasafnið um flutninga á safnkosti.

Helstu atriði sem farið var yfir:

- Hafa skal góða geymsluskrá með öllum grunnupplýsingum. Ef geymsluskrá er ekki fyrir hendi skal nýta þetta tækifærið og búa hana til
- Gera skal yfirlit um hvaða gripi skuli flytja og í hvaða röð

- Gera áætlun um hvort það eigi mögulega að grisja úr safnkostinum
- Mjög mikilvægt er að missa aldrei sjónar á hvar gripirnir eru staðsettir í flutningsferlinu. Kynnt var hvernig kerfi var notað til að hafa fulla yfirsýn á hvar gripirnir væru í flutningunum. Allir gripir voru skráðir í flutningseiningu, þ.e.a.s. öll bretti eða grindur með gripum fengu hlaupandi númer. Þessi númer voru svo skráð við viðeigandi gripanúmer í geymsluskrá.
- Farið var yfir hvaða aðföng voru keypt. Má þar helst nefna að við viðuðum að okkur miklu magni af hreinum og góðum brettum. Eins létum við sérsmíða stór bretti fyrir stærri gripi eins og píanó og sófa o.s.frv. Spónarplötur voru lagðar ofan á brettin, þannig að betur færi um gripi og t.d. gripir á fótum myndu ekki detta á milli fjala og skemmast.
- Mikið af efni var notað til að festa gripi niður og bólstra til að verja gripina í flutningunum. Reynt var að halda utan um og endurnýta eftir fremsta megni, bæði vegna umhverfissjónarmiða en einnig sparast miklir peningar við það.

Eftir um 25 mínútna kynningu tók við umræðutími og sköpuðust töluverðar umræður í hópnum. Helst var fólk að spyrja um ráð út frá sínum safnkosti og fá ráð um útfærslur á þeirra aðstæðum. Augljóst var að margir eru/ voru í þeirri stöðu að fara að flytja safnkost og mörkuðust umræðurnar einna helst af því. Það var því ljóst að þörf var á þessari umræðu á meðal safnafólks og gott að geta miðlað af reynslu okkar af flutningi á safnkosti Þjóðminjasafnsins.

Lifandi safn

Málstofustjóri: Sigurlaugur Ingólfsson (Borgarsögusafn Reykjavíkur)

Fjöldi í málstofu: 16

Málstofa: Lifandi söfn

Yfirskrift: Oft heyrum við safnafólk hugtakið „lifandi safn“ notað, án þess að hugtakið sé útskýrt. Í þessari málstofu mun undirritaður, starfsmaður á Árbæjarsafni, leiða málstofu um hvernig hægt er að gera sögn „lifandi“. Mörg söfn hafa staðið fyrir handverksdögum, og mun málstofustjóri velta upp ýmsum hugmyndum um viðburði sem geta leyft söfnum að sækja fram með þeim hætti.

Niðustaða:

Málstofan var ágætlega sótt. Málstofustjóri byrjaði á að reifa nokkrar vangaveltur um þróun safna, einkum útisafna og notaði þá ýmis dæmi frá heimsóknum erlendis. Í síðari hluta var fjallað um dagskrá sem miðar af því að miðla til gesta sögunni með „lifandi“ hætti, m.a. með leiðsögnum, handverki og sérstökum viðburðum. Út frá því spunnust miklar umræður þar sem fólk alls staðar af landinu deildi reynslu sinni.

Inntakið í fyrirlestri málstofustjóra var þörfin á að gera upplýsingar og leiðbeiningar aðgengilegri milli safna. Sérstaka í tilviki handverks og/eða viðburða. Til hliðsjónar kynnti málstofustjóri innri vef n-amerísku samtakanna ALHFAM – American Living history, farm, and agricultural museum, þar sem hægt er að nálgast stutt leiðbeininga myndbönd varðandi handverk, eða meðhöndlun dýra á söfnum og raunar margt fleira.

Var það hugmynd málstofustjóra að kannski væri hægt að nýta FÍSOS sem vettvang fyrir slíkt, þar sem söfn og sýningar gætu bæði deilt handritum að viðburðum, myndböndum eða öðru því sem gæti hjálpað öðrum söfnum og sýningum við að skipuleggja viðburði.

Var niðurstaða málstofunnar einróma um að málstofustjóri leitaði til FÍSOS með þessa hugmynd.

Museum hacks

Málstofustjóri: Soffía Margrét Magnúsdóttir (Háskóli Íslands)

Fjöldi í málstofu: 21

Hakkara-hugmyndafræði og söfn. Hvernig blásum við lífi í menningararfinn og sköpum eitthvað nýtt með tengingu við það gamla?

Í málstofunni var farið í hugmyndafræði hackathons sem söfn t.a.m. í Danmörku, Finnlandi og Noregi eru farin að nýta sér í meira mæli undanfarin 10 ár oft með slagorðinu: Hack your heritage! Útfærslan er mismunandi en segja má að flest eru þau á bilinu tveggja til fimm daga hugmyndasprettir. Þátttakendur voru listamenn, hönnuðir, verkefnastjórar, blaðamenn, sagnfræðingar, rithöfundar, margmiðlunarhönnuðir, forritarar og tæknifólk ásamt safnafólki er vann saman að hugmyndum og lausnum, hvernig nýta mætti safnkostinn til nýsköpunar. Safnafólk fékk þar tækifæri til að tengjast bæði tækni- og listafólki sem bar oft skemmtilegan ávöxt nýrra hugmynda. Í kjölfarið hafa söfn opnað meira fyrir safneignina á stafrænu formi þar sem bæði lærdum sem leiknum býðst að nýta sér menningararfinn frítt til innblásturs, lærdóms, skemmtunar og notkunar eins og Statens Museum for Kunst- SMK í Danmörku hefur verið að vinna að frá 2016 með slagorðinu „SMK open - Vi sætter kunsten fri“ Á málstofunni voru kynnt nokkur verkefni sem hafa orðið til á þessum viðburðum þar sem aðgengi að gögnum eru leyfð. Í Noregi varð til nýtt app sem bíður upp á meiri fróðleik ið söguna með tengingu við náttúruna, leit af þekktum tröllum í náttúrunni, ekki ósvipað Pokémon Go appinu. Á SMK var málverk raungert í formi móðels með tengingu við gögn svo það breyttist eftir birtustigi utanhús hér og nú og

módelinu stillt upp fyrir framan upprunalega verkið. Nýtt tónlistarverk varð til með hjálp algóritma út frá gögnum um flutning fólks innan kaupmannahafnar á tímabilinu 1890-1923 og fl.

Í málstofunni var einnig kynnt Erasmus+ verkefnið ST'ART, sem fram fór hér á landi á vormánuðum 2019 og var unnið út frá hakkara hugmyndafræði. Menntaskólanemendur frá Íslandi, Spáni, Ítalíu og Portúgal unnu þar með íslenskan menningararf sem innblástur fyrir nútímaverk í vídeó formi. Sex Þjóðsögur voru viðfangsefnið hér á landi ásamt sýningunni Einu sinni var í Listasafni Árnesinga með verkum Ásgríms Jónssonar um álfa, tröll og huldufólk. Það má segja að nemendur voru mjög áhugsamir um efnið og margt áttu þau menningarlega sameiginlegt með hinum þjóðunum þegar koma að þjóðsögum hverra þjóðar fyrir sig. Þar var einnig að finna verur sem fólk hræddist eins og þekktist hér á landi. Sýnd var brot af þessari 5 daga vinnu nemenda, remix myndir sem þau unnu áður, hver í sínu landi. En þegar þau hittust hér á landi voru unnin vídeó verk og sýnd voru tvö af þeim verkefnum; Ef Búkolla væri sími og ný nálgun á Nátttrölllið.

Eftir framsöguerindið var stutt spjall um hugmyndafræðina en þetta var nokkuð nýtt fyrir mörgum. Áhugi var frá safnafólki með þesskonar möguleika að nýta svipaðar hugmyndir. Þá var rætt um höfundarrétt sem stendur í vegi fyrir þessháttar notkun á gögnum hér á landi. En ef skoðuð eru söfn eins og Statens Museum for Kunst í Danmörku – SMK, þá er búið að opna aðgengi að efni sem fallið er úr höfundarétti. Það væri því lag fyrir söfnin hér á landi að taka þau skref fyrir frekari nýtingu og úrvinnslu á þeim menningararfi með nýsköpun að leiðarljósi.

Listin talar tungum

Málstofustjórar: Aldís Snorradóttir - Listasafn Reykjavíkur

Fjöldi í málstofu: 15

Málstofan hófst á því að Aldís Snorradóttir kynnti verkefni Listasafns Reykjavíkur *Listin talar tungum*. Verkefnið hóf göngu sína árið 2017 og er því ætlað að skapa vettvang þar sem fræðsla og viðburðir taka mið af þörfum fólks af erlendum uppruna. Á tveimur árum er komin einhver reynsla á verkefnið og voru reifaðar þrjár dæmisögur sem voru ýmist dæmi um viðburði sem gengu vel og annars vegar illa. Þá voru talin upp tækifæri og áskoranir sem verkefnið stendur frammi fyrir og spurningunni velt fram um hvað megi fara betur.

Málstofan var byggð upp sem jafningjafræðsla og sköpuðust mjög líflegar umræður þar sem þátttakendur ræddu þær áskoranir og tækifæri sem þau sjálf stóðu frammi fyrir hjá sínum söfnum. Það reyndist mjög gagnlegt að skiptast á reynslusögum og ráðum og brjóta heilann saman. Greinileg þörf var á umræðu um verkefni sem þetta enda mikill vilji hjá söfnum að opna dyr sínar fyrir fjölbreyttum hópum samfélagsins. Punktur sem voru ræddir voru m.a. þessir:

Tækifæri:

- Fá breiðari hóp inn á safnið.

- Opna safnið fyrir nýjum hópum og gera það aðgengilegra.

Áskoranir:

- Að ná til markhópsins (sem eru hópar af erlendum uppruna).
- Aðgangseyrir – að þurfa að greiða aðgangseyri hefur reynst fráhrindandi fyrir þessa hópa.
- Að fá nýju gestina til að halda áfram að heimsækja safnið.

Hvernig er hægt að bæta þjónustuna?

- Gera viðhorfskönnun meðal hópanna.
- Leggja áherslu á þá hópa þar sem mætingin hefur verið góð.
- Benda gestum á árskort, Menningarkort og önnur fríðindakort sem fela í sér hagstæðan aðgangseyri.
- Þróa smíðjur í samstarfi við listafólk af erlendum uppruna jafnvel með uppruna sinn sem innblástur. Bræða saman menningarheimum.

Fornleifarannsóknir og safnastarf

Málstofustjóri: Berglind Þorsteinsdóttir (Byggðasafn Skagafjarðar)

Fjöldi í málstofu:

Þann 27. ágúst 2019 hafði Inga Hlín Valdimarsdóttir farskólastjóri samband við mig og bauð mér að stýra málstofu á Farskóla safnamanna sem fara átti fram á Patreksfirði dagana 2.-5. október 2019. Umfjöllunarefni málstofunnar er fornleifarannsóknir og safnastarf. Ég þáði það enda einstaklega áhugavert umfjöllunarefni sem er mér hjartans mál. Þarna var kjörið tækifæri og vettvangur til að ræða við viðstadda um viðfangsefnið, þá einna helst um hvernig fornleifarannsóknir og safnastarf geta fallið saman - hvernig hefur tekist til í þeim efnum, hvað hefur áunnist og ekki síst ræða um tækifæri og áskoranir.

Ég byrjaði á að segja frá Byggðasafninu og greina frá rannsóknarstarfsemi þess á sviði fornleifafræði. Rannsóknir Byggðasafns Skagfirðinga á undanförunum árum hafa verið af ýmsum toga og hafa tengst listum, þjóðfræði, sagnfræði, þjóðháttum, fornleifum, landnýtingu, byggðafræði, byggingarsögu og mörgu fleiru. Áhersla er lögð á samstarf um rannsóknir við ýmsa aðila, bæði innan héraðs og utan. Niðurstöðum rannsókna er miðlað í formi sýninga, rita og skýrslna, greina og með öðru formi miðlunar. Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga var sett á fót árið 2003. Hún stendur fyrir og stuðlar að rannsóknum á menningarminjum í Skagafirði og víðar. Vegna samkeppnisumhverfis fornleifarannsókna á Íslandi er rekstur deildarinnar fjárhagslega aðskilinn frá safninu og fjárumsýsla hennar er ekki tengd annarri starfsemi þess.

Fornleifadeildin er ekki, fremur en safnið, rekin í hagnaðarskyni. Hún er rekin á styrkjum og útseldri vinnu. Fornleifarannsóknir safnsins hafa einkum beinst að byggðasögu, einkum elstu kirkjum og grafreitum. Fornleifadeildin hefur átt í miklu samstarfi utan héraðs sem innan, má þar nefna einna helst: • Hólarannsóknin, 2001 - 2008. Þverfagleg fornleifarannsókn á biskupsstólum á Hólum í Hjaltadal og höfn hans á Kolkuósi. • Byggðasögurannsóknin, 2003 - 2018. Í samstarfi við Sögufélag Skagfirðinga vegna ritun Byggðasögu Skagfirðinga • Tyrfingsstaðaverkefnið, 2007-. Ásamt Fornverkaskólanum sem er samstarfsverkefni Byggðasafnsins, Hólarannsóknarinnar og Fjölbautaskóla Norðurlands vestra. Rannsókn og síðan endurgerð gamla bæjarins á Tyrfingsstöðum með námskeiðshaldi í torf- og grjóthleðslu og grindarsmíði. • Skagfirski kirkju og byggðasögurannsóknin (Skagafjörður Church and Settlement Survey), 2013-2018. Samstarfsverkefni Byggðasafnsins og University of Massachusetts í Boston, BNA.

Í tengslum við Skagfirsku kirkjurannsóknina og Skagfirsku kirkju- og byggðasögurannsóknin hefur verið grafið í á þriðja tug kirkjugarða eða áætlaðra grafreita. Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga hefur einnig veitt mikilvæga þjónustu í heimabyggð, þá með fornleifaskráningum og framkvæmdarannsóknunum, s.s. vegna línulagna, húsbygginga, vegagerðar, o.s.frv. Í gegnum slík störf hefur safnið tekið að sér stærri björgunaruppgrefti, þá ber helst að nefna: Björgunaruppgreftur að Vík í Skagafirði (2010) í samstarfi við Minjastofnun Íslands og Björgunaruppgreftur á Skógum í Fnjóskadal (2010-2012) fyrir Vegagerðina vegna Vaðlaheiðaganga. Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga hefur semsagt verið að fást við fjölmörg og fjölbreytt verkefni frá stofnun hennar fyrir sextán árum síðan. Til að gefa hugmynd um fjölda verkefna þá hefur deildin gefið út um 200 rannsóknarskýrslur og einnig nokkrar greinar í ritrýndum tímaritum.

Í máli mínu gerði ég grein fyrir því að það væri mat okkar hjá safninu að starfsemi deildarinnar hafi skipt verulegu máli fyrir fagleg störf safnsins og ímynd þess og hefur það styrkt það til fjölbreyttari rannsókna, faglegrar úrvinnslu og betri minjaverndar. Þegar huganum er leitt að því hvað við teljum einna helst hafi áunnist með því að halda úti fornleifadeild við safnið þá væri það ekki síst að við höfum fundið fyrir því og fengið að heyra að fyrirtæki, sveitarfélög og einstaklingum finnst gott að geta leitað til „heimafólks“ þegar kemur að framkvæmdum eða ef þau eru að velja fyrir sér minjum í sínu nánasta umhverfi, að geta droppað inn í kaffi og rætt málin. Í því felast ekki síst sóknartækifærin.

Það sem er kannski dýrmætast eru þau tengsl sem hafa myndast íbúa svæðisins við það þegar starfsmenn deildarinnar hafa farið um allar sveitir, spjallað við bændur og þiggja hjá þeim kaffi á meðan rætt er um minjarnar í þeirra nánasta umhverfi. Ólíkt því þegar fólkið heimsækir safnið til að fræðast og njóta menningararfsins þá koma starfsmenn safnsins heim til þeirra og ræðir við þau um minjarnar og þar hefur oft á tíðum átt sér stað mikill lærdómur, sem virkar á báða bóga- og í því felast mikil tækifæri. Fólk verið í kjölfarið oft á tíðum meira vakandi fyrir minjunum í sínu umhverfi og hefur gaman af því að taka þátt í að afla þekkingar fyrir sitt safn og hérað. Sem dæmi þá hefur samtalið oft hafist á þeim nótum að þau telja að ekkert sé af minjum í sínu túni en þegar líður á samtalið þá fer ýmislegt að koma í ljós, t.d. þegar spurt er út í álagabletti o.s.frv. Þá eru til nokkur dæmi þess að sumir bændur hafa orðið svo áhugasamir og vakandi fyrir minjunum að þeir hafa hringt í starfsmenn deildarinnar og getað bent á forna

grafreiti sem verið var að leita að (eins og bóndinn í Keflavík) og jafnvel orðnir svo sjóaðir að þeir hafa getað sagt til um aldur minjanna út frá gjóskulögum (fyrir neðan 1104).

Þær áskoranir fornleifadeildin hefur staðið frammi fyrir er vissulega verið ótraust starfsumhverfi og fjármögnun deildarinnar þar sem hún þarf að standa undir sjálfri sér. Það hefur sífellt þurft að sanna gildi deildarinnar innan sveitarfélagsins, sennilega fyrir hvert kjörtímabil. Einnig er fremur erfitt styrkjaumhverfi á Íslandi.

Að loknum fyrirlestri sköpuðust góðar umræður um stöðu fornleifarannsókna á söfnum á Íslandi. Þau eru ekki mörg söfnin sem stunda fornleifarannsóknir á landinu eins og er en þó eru nokkur sem hafa gert það í gegnum tíðina, og þá sinnt einna helst fornleifaeða húsaskráningum. Viðstaddir voru þó sammála um að safnastarf og fornleifarannsóknir geta samrýmst vel og að í þeim geta verið fólgin mörg spennandi tækifæri.

Varðveisla kvikra myndverka hjá Listasafni Reykjavíkur

Málstofustjórar: Edda Haldórsdóttir (Listasafn Íslands) og Sigríður Regína Sigurpórsdóttir (Kvikmyndasafn Íslands)

Fjöldi í málstofu: 10

Í erindinu fjölluðu Edda Halldórsdóttir og Sigríður Regína Sigurpórsdóttir um varðveislu kvikra myndverka og stafrænna miðla á söfnum með áherslu á safnkost Listasafns Reykjavíkur. Sagt var frá sýningarverkefninu Hrinu sem var framkvæmt á safninu vorið 2017 þar sem farið var yfir stóran hluta þessara verka í safneigninni, hann sýndur og skráning betrumbætt. Með orðunum *kvik myndverk* og *stafrænir miðlar* er meðal annars átt við vídeóverk, stafrænar innsetningar, hljóðverk eða verk sem byggja á tölvutækni eða internetinu. Mikilvægur þáttur í Hrinu laut að innra starfi safnsins og á sýningartímabilinu voru tekin viðtöl við listamennina um hugmyndalega og tæknilega þætti verkanna m.t.t. skráningar og varðveislu til framtíðar. Hrina var krefjandi verkefni sem safnið lærði mikið af, og aflaði mikilvægra upplýsinga um hluta safneignarinnar.

Í erindinu var miðlað af reynslu Listasafns Reykjavíkur í þessum efnum, og í kjölfar erindisins sköpuðust áhugaverðar umræður. Gestir málstofunnar voru meðal annars fulltrúar annarra listasafna, Kvikmyndasafns Íslands, Ríkisútvarpsins og sjálfstætt starfandi forverðir sem miðluðu af eigin reynslu. Umræðurnar leiddu í ljós að söfn landsins standa að miklu leyti jöfnum fótum hvað þetta varðar. Þau standa frammi fyrir bæði hugmyndafræðilegum og praktískum spurningum þegar kemur að varðveislu tímatengdra miðla í heimi þar sem tæknilegar framfarir eru miklar og hraðar. Tímatengd myndlistarverk eru óstabil í eðli sínu; tæknilegir þættir þeirra

úreldast, verkin þarfnast mjög oft aðlögunar að aðstæðum hverju sinni, og hver enduruppsetning á verkinu kallar á nýja túlkun og breytingar. Söfn standa enn frammi fyrir skorti á varðveislurými fyrir safnkost, og nú hefur bæst við þörfin fyrir rafræn varðveislurými (digital storage space). Söfn þurfa að geta hýst stórar skrár/fæla eins og þau geyma stór málverk. Eins er þörf fyrir fleira faglært fólk á þessu sviði sem hefur getu og reynslu til að takast á við þessa hröðu tæknilegu þróun. Fram eru að koma nýjar starfsgreinar á borð við stafræna skjalaverði (digital archivist) og forverði tímatengdra miðla (time-based media conservator) en starfsgreinarnar eru enn ungar og eiga eftir að ryðja sér til rúms í íslensku safnasamfélagi.

Menntun barna í söfnum

Málstofustjórar: Guðrún Jóna Halldórsdóttir (Listasafn Íslands), Jóhanna Bergmann, Eva Kristín Dal og Sigurlaug Jóna Hannesdóttir (Þjóðminjasafn Íslands).

Fjöldi í málstofu: 25

Í byrjun kynntu Harpa Þórsdóttir, safnstjóri Listasafns Íslands og Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður, aðdraganda og eðli verkefnisins. Um er að ræða samstarfsverkefni LÍ og Þjms. Það helgast af styrkveitingu úr Barnamenningarsjóði; átaksverkefni sem skjóti styrkari stoðum undir fjölbreytt menningarstarf í þágu barna og ungmenna til framtíðar. Sá hluti styrkveitingarinnar sem lítur að samstarfi safnanna fjallar um að skapa vettvang endurmenntunar í barnamenningu þar sem þekkingu og reynslu er markvisst deilt til annarra safna. Ýmis hugtök höfðu verið mátuð við hugmyndina. Auk vettvangs voru það orð eins og deigla, gátt og höfn en síðastnefnda orðið mun vera að festa sig í sessi sem hugtak sem nær vel yfir svona deilivettvang eins og hugmyndin gengur út á.

Markmið málstofunnar var að fá fram væntingar safnafólks gagnvart slíkum vettvangi og þær þarfir sem starfsemi hans gæti mætt. Um nýsköpun er að ræða og því má spyrja: Hvað er þetta? Hvað er búið til? Hvernig birtist þetta? Hver er notandinn? Svarið við fyrstu þremur spurningunum er opið en svarið við þeirri síðustu er; starfsfólk safna.

Framtíðarsýnin sem málstofustjórar vörpuðu upp er: **Söfn eru spennandi og þroskandi áfangastaður fyrir börn**

Söfn eru vænlegur áfangastaður fyrir fjölskyldur

Söfn eru álitin nauðsynlegur vettvangur í skólasterfi

Þátttakendur voru beðnir að íhuga í hljóði í fimm mínútur, hver fyrir sig; „hvað er mikilvægt til að við náum þessari sýn?“

Að því búnu var þátttakendum skipt í 5 hópa. Hver hópur valdi framsögumann sem kynnti niðurstöður umræðna hópsins að þeim loknum. Umræðuefnið var hið sama og þátttakendur

Íhuguðu í hljóði, þ.e.a.s. hvað er mikilvægt til að við náum framtíðarsýninni hér að ofan og hvernig stuðlar höfn eða vettvangur fyrir safnafólk sem best að henni? Hóparnir fengu 25 mínútur til umræðna. Í lok þeirra fyllti hver hópur út eyðublað fyrir fimm mikilvægustu atriðin sem fram komu í umræðum hópsins.

Áhersluatriði hópanna voru:

Hópur 1

1. Þátttaka barna í mótun fræðslustarfsins – skipa fulltrúaráð barna sem er ráðgjafahópur.
2. Samráðsvettvangur.
3. Gátt – fyrir foreldra barna og kennara.
4. „Best of“ – verkfærakista frá hverju safni og miðla á milli safna.
5. Sameiginleg sýn sem tekur mið af námskrá, heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og Barnasáttmálanum.

Hópur 2

1. Virkt samstarf. Jafnt aðgengi. T.d. stafræn miðlun, fjarfundabúnaður, app, safnarúta/-box.
2. Fjölbreytni (ólík söfn og ólíkir notendur, - svo sem skólabörn, fjölskyldur, fólk með sérþarfir).
3. Fá börn og ungmenni í rýnihópa og til þátttöku í tilraunaverkefni.
4. Regluleg endurmenntun í miðlun.
5. Símat á verkefningu. Skoða tengsl þess við mismunandi mennta- og menningarstefnur.

Hópur 3

1. Mikilvægt að deila þekkingu, hugmyndum og reynslu. Öll virk. Mætti tilnefna safn mánaðarins.
2. Lífandi vettvangur og sífellt í þróun. Fá börn og unglunga í rýnihópa.
3. Skýr framtíðarsýn.
4. Regluleg þarfagreining neytenda og notenda.
5. Notendavænt viðmót og skýr framsetning. Leitabært. Jafnvel tvískipt viðmót (söfn/notendur fræðslustarfsins).

Hópur 4

1. Samstarf milli safna og menntakerfis. Söfn þurfa að greina hvað menntakerfið þarf og menntakerfið kalli eftir því sem safnið hefur að bjóða. Engir fordómar heldur gagnkvæmur skilningur á milli safna og menntakerfis. Sambærileg markmið.
2. Safnaheimsókn ekki afþreying/ uppbot/ vettvangsferð heldur hluti af skólagöngu og uppvexti – daglegu lífi. Ath. líka skilgreindur greinarmunur – safn er ekki skóli og skóli er ekki safn.

3. Rýnihópur – workshop sem boðið er uppá. Samfélag og safnastarf rýnt í samhengi allra aðila (safn, foreldrar, skólar, börn). Móðurskiptið greinir og miðlar. Hjálpar fólki að greina þarfir safna og skóla og miðla upplýsingum til safna.
4. Hlutverk safns sem vettvangs upplifunar/ skilnings/ forvitni. Ekki bara safnið sem kennari – öfugt: safnið sem óvæntur vettvangur fyrir utan akademíska, kapítalíska, línulega hugsun. Virkja þennan þátt líka. Hlusta á börn, - hvað vilja þau?
5. Aðgengi, jafnt aðgengi. Börn koma í söfnin og söfnin fara til barnanna. Miðlægt ferli um söfn og safnastarf. Landsátak? Nýtt identity gagnvart markhópnum (sbr. KrakkaRÚV). Safn geti jafnvel verið félagsmiðstöð. Dagskrá eftir skóla.

Hópur 5

1. Fá erlenda fyrirlesara fyrir safnfræðslumál (2 á ári).
2. Forsendur og ferli ákvarðana séu gagnsæ og skilgreiningar á hreinu í verkefninu.
3. Gagnagrunnur fyrir söfnin með sniðmáti. (Sömu upplýsingar um verkefni frá öllum).
4. Öruggur vettvangur (e. safe space) til að ræða reynslu sem hægt er að byggja á. Sigrar og ósigrar. Hvernig söfnin geti náð betur til barnanna.
5. Sýnin þarf að vera skýr. Vinna að sömu markmiðum.

Þegar litið er á áhersluatriði hópanna fimm má sjá að mikil samsvörun er þeirra á milli varðandi hugmyndir um hlutverk og starfsemi vettvangs um menntun barna í söfnum. Hér eru nokkrar gegnumgangandi hugmyndir:

- Börn með í ráðum.
- Safnafólk deilir útfærslum og reynslusögum.
- Vefgátt fyrir safnafólk og fyrir fjölskyldur/ skóla.
- Samráð og sameiginleg sýn og markmið. (Hjá söfnum og milli safna og menntakerfis).
- Jafnt aðgengi.
- Þarfagreining.
- Sívirkni.
- Fræðsla fyrir safnafólk.

Þegar framsögumenn allra hópanna höfðu kynnt áhersluatriði síns hóps var eyðublöðum safnað saman til úrvinnslu. Er niðurstöðunum hér með komið á framfæri.

f. h. málstofustjóra
Jóhanna Bergmann, safnkennari
Þjóðminjasafn Íslands

Safnaklasar

Málstofustjóri: Guðrún Jónsdóttir (Safnahús Borgarfjarðar)

Fjöldi í málstofu: 17

Málstofan

Hana sóttu um 15 manns. Efni hennar var hugtakið safnaklasi, sem heiti yfir mismunandi fagsöfn sem eru rekin saman undir einum hatti, í nánu samstarfi og sambúð. Málstofan hófst á framsögu undirritaðrar og lauk með umræðum á grundvelli jafningjafræðslu.

Safnaklasi

Fjallað var um Safnahús Borgarfjarðar í Borgarnesi sem dæmi um safnaklasa og í framsögu kom m.a. eftirfarandi fram:

Safnaklasi sé ein leiðin til að reka söfn að því gefnu að það skili tilætluðu hlutverki fyrir viðkomandi samfélag og safnfræðileg markmið. Klasi getur verið tvö söfn eða þrjú, en í Safnahúsinu í Borgarnesi eru söfnin fimm talsins. Sums staðar á landinu hafa málin þróast í þessa átt og Safnahúsið byggir á áratuga reynslu í þessu sambandi.

Safnahúsið er í Borgarnesi og þjónar um 4000 manns. Einnig leita brottfluttir íbúar mikið til safnanna, sem eru þessi: Héraðsbókasafn Borgarfjarðar, Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar, Byggðasafn Borgarfjarðar, Listasafn Borgarness og Náttúrugripasafn Borgarfjarðar.

Fram kom að klasinn hafi orðið til frá um 1960 án þess að menn hafi endilega stefnt að því, en starf Bjarna Bachmann safnvarðar var nefnt í þessu sambandi, hann starfaði í áratugi fyrir söfnin og það stuðlaði mjög að þessu fyrirkomulagi, enda um fámennt samfélag að ræða.

Rætt var um starfssvæði Safnahúss sem nær allt frá rótum Snæfellsness til Hvalfjarðar. Stór hluti af starfseminni felst í að halda uppi minningu fólks af starfssvæðinu sem menningarlegri heild. Það er mikil áttthagatryggð fyrir hendi og tengslin við brottflutta íbúa eru sterk.

Rætt var um kosti og galla þessa rekstrarfyrirkomulags út frá reynslunni í Safnahúsinu.

Gallar

Farið var yfir innra starfsumhverfi og stjórnsýslu. Húsið heyrir ekki undir byggðasamlag heldur eitt sveitarfélag[1], með þjónustusamningum við tvö önnur[2]. Fram kom að sveitarfélög sem eigendur safna eru undir miklu peningalegu álagi og að þar eru oft ör mannaskipti. Slíkt getur orsakað þekkingarrof sem getur leitt til þess að ákvarðanir séu ekki nógu vel ígrundaðar. Það getur verið ógn við faglegt safnastarf. Völd yfir söfnunum færast á eina hendi og önnur sveitarfélög á starfssvæðinu verða atkvæðaminni.

Rætt var um miklar breytingar á mörkum sveitarfélaga og þá staðreynd að sveitarfélagamörk fara yfir mörk menningarsvæða, þar sem fólk finnur til ákveðinnar samkenndar og tengingar vegna þess hvar það býr, oft byggt á fornum hreppamörkum eða landfræðilegum aðstæðum svo sem ám og fjöllum. Mikilvægt sé fara eftir staðartilfinningu íbúa í skipulagi safnamála. Íbúar menningarsvæða vilja ógjarnan að safnkostur fari úr heimabyggð.

Einnig ríkir ákveðið sambandsleysi milli sveitarfélaganna og löggjafans, þ.e. að sveitarfélögin telja sér ekki endilega skylt að reka munasöfn til jafns við skjala- og bókasöfn. Þetta getur verið ógn við safnaklasa ef ekki ríkir jafnræði milli safnanna og það getur verið háð yfirstjórn þeirra hverju sinni. Þótt sveitarfélag sé eigandi safnkosts eru þau rök lífsseig að það sé ekki þess hlutverk að annast hann eða miðla. Það mætti færa rök fyrir því að ef söfnin væru sjálfstæð hvert fyrir sig yrði meira fé sett í rekstur þeirra. En mögulega yrðu það bókasöfn og skjalasöfn sem myndu helst vinna á og munasöfnin lenda í vanrækslu. Það þarf ekki glögga aðila til að sjá að slíkt hefur gerst í landinu og bendir til þess að lagarammann sé hægt að túlka ýmsa vegu.

Rætt var um að safnaklasar sem þessir passa illa innan kerfisins, þar sem skýr mörk eru milli fagsviðanna þriggja, munasafna, skjalasafna og bókasafna. Þetta kann þó að vera að taka breytingum og má sem dæmi nefna ákvörðun höfuðsafnanna þriggja um að halda sameiginlegan vorkund árið 2019.

Kostir

Starfsmannahald. Starfsfólk gengur í öll störf ef þörf er á sem styrkir heildina. Mikilvægt er að á þessu sé skýrt tekið í starfslýsingum, þó starfsmenn sinni að mestu hver sínu fagsviði. Tækjabúnaður og annað er sameiginlegt, svo og varðveislurými og jafnvel sýningarrými.

Samvinna starfsfólks styrkir hugmyndafræði að baki verkefnum og þau verða fjölbreyttari og sérstakari. Nokkur dæmi um þetta úr starfsemi Safnahússins voru tilgreind.

Fjallað var einnig um kosti þessa fyrirkomulags fyrir þjónustu og tengsl við nærsamfélagið. Það er í sjálfu sér góð þjónusta að hafa svo margar safngerðir á sama stað. Það er hagkvæmara og það er meira fyrir fólk að sjá og upplifa. Þannig geta safnaklasar orðið að virkum menningarhúsum og skilað miklu til samfélagsins með öflugri miðlun.

Fram kom að reglulega eru gerðar kannanir meðal gesta Safnahússins og fram hefur komið mikil ánægja með starfseminna.

Að lokum kom fram að í safnaklasa sem þessum starfa þessi fimm söfn ekki innan stífra faglegra marka heldur flæða verkefni á milli þeirra og oft þvert á þau. Þetta skapar aukna fjölbreytni og starfsfólk venst því að hugsa út fyrir boxið.

Lokaorð

Að lokinni framsögu urðu óformlegar en gagnlegar umræður þar sem reynslu frá öðrum söfnum var miðlað. Undirrituð lýsir yfir ánægju sinni með að þessi þáttur safnastarfsins var tekinn fyrir og þakkar gott samstarf við stjórn Farskólans 2019.

Virðingarfyllst

Guðrún Jónsdóttir (sign)

Forstöðumaður Safnahúss Borgarfjarðar

[1] Borgarbyggð.

[2] Hvalfjarðarsveit og Skorradalshrepp.

Sarpur – Leikreglur um notkun kerfisins og mikilvægi vandaðra skráninga

Málstofustjórar: Þorvaldur Böðvarsson (Þjóðminjasafn Íslands) og Cecilie C. Gaihede (Rekstrarfélag Sarps)

Fjöldi í málstofu: 27

Tilgangur málstofunnar var að vekja athygli á nýrri útgáfu af skráningarhandbók Sarps 2.0 sem loksins leit dagsins ljós í haust. Núna hafa skrásetjarar aðgang að mjög ítarlegum rafrænum leiðbeiningum um skráningaraðgerðir í hina ýmsu skráningarreiti kerfisins. Málstofan var byggð upp á þann hátt að fagstjóri Sarps, Cecilie Gaihede fjallaði um mikilvægi gæði skráningar og vönduð vinnubrögð í skráningum. Þorvaldur Böðvarsson, skráningarstjóri Þjóðminjasafnsins fór yfir kaflana í skráningarhandbókinni og miðlaði nýjum viðbótum.

Hvatt var til umræðu og hugmyndin um að breyta kennsluefninu í Sarpi var kynnt. Upplifun okkar er sú að fólk tók mjög vel í málstofuna og rætt var um að hafa kennsluefni aðgengilegra. Söfnin úti á landi tóku mjög vel í að kennslumyndbönd verði aðgengileg á netinu og að minnisblöð með sjónrænum leiðbeiningum og minni texta myndi auðvelda aðgengi að leiðbeiningum töluvert. Sömmuleiðis komu fram ábendingar um viðbætur og lagfæringar sem myndi auðvelda ákveðna vinnu í kerfinu. Það var alveg meiriháttar að nýta þetta tækifæri til að eiga samtál um Sarpinn og tekur fagstjóri með sér ábendingarnar sem komu fram á málstofunni til að vinna með, með

endurbætur í huga. Við teljum að málstofan hafi heppnast vel, þátttakendur voru um 20-25. Boðskapurinn komst til skila og voru ábendingarnar sem komu úr salnum fróðlegar og mjög gagnlegar. Við þökkum innilega fyrir að fá tækifæri til að miðla og ræða málefni sem skiptir gríðarlega miklu máli í daglegu starfi safna um allt land.

Gildi viðburða fyrir söfn. Allt frá bullandi velgengni til konunglegs klúðurs!

Málstofustjóri: Ágústa Rós Árnadóttir (Borgarsögusafn Reykjavíkur)

Fjöldi í málstofu: 24

Samantekt um málstofu Ágústu Rósar Árnadóttur, viðburðastjóra Borgarsögusafns Reykjavíkur á Farskóla FÍSOS á Patreksfirði í september 2019.

Vinnustofan fjallaði um gildi viðburða fyrir söfn og farið var yfir hvað einkennir góðan viðburð og þau skref sem þarf að taka til að verkefnið sé vel heppnað. Einnig var farið yfir hvað skal forðast og hvað getur helst farið úrskeiðis. Vinnustofan var byggð upp með fyrirlestri og raunverulegum dæmisögum. Þátttakendur voru beðnir um að taka þátt í umræðum þar sem þeim var skipt upp í hópa og deildu þeir helstu punktum sem fram komu í umræðum þeirra á milli með hinum þátttakendunum. Var þetta fléttað inn í fyrirlesturinn. Markmiðið með þessari uppbyggingu var að læra af hvert öðru og öðlast verkfæri til þess að framkvæma framúrskarandi viðburð.

Vinnustofan var byggð upp á eftirfarandi hátt:

- 1) Farið var yfir gildi viðburða og af hverju þeir eru mikilvægir fyrir söfn. Helstu punktar voru eftirfarandi og voru þátttakendur sammála þeim:
 - a. Þeir eru samofnir kynningar- og markaðsstarfi safna og eru góð leið til að fá athygli fjölmiðla og almennings.
 - b. Þeir eru öflugt vopn í „word of mouth“ kynningarstarfi séu þeir vel heppnaðir, en hafa öfug áhrif séu þeir misheppnaðir
 - c. Þeir laða að nýja markhópa og eru jafnframt góð þjónusta við fastagesti
 - d. Þeir hafa fræðslu- og menntungargildi
 - e. Opna dyr safnsins og bjóða gesti velkomna óháð efnahag þegar þeir eru ókeypís (sem þeir eru oftast en ekki)
 - f. Þeir hvetja til samverustunda fjölskyldna og vina

g. Bent var á að borgarþúar gefa menningarstofnunum mjög háa einkunn í ánægjukönnunum og viðburðir eiga ríkan þátt í því enda oft þeir sem opna dyr safna fyrir almenningi. Þetta eigi stjórnendur að nýta sér þegar kemur að því að óska eftir meira fé í málaflokkinn.

2) Hvernig skipuleggur maður vel heppnaðan viðburð.

a. Farið var yfir öll þau skref sem taka þarf til að framkvæma vel heppnaðan viðburð. Praktískur lærdómur.

b. Tekin voru dæmi um tvo viðburði sem þóttu mjög vel heppnaðir og sýnt hve mikilvægt reyndist að fylgja þessum skrefum til að ná þessum árangri.

3) Hvað ber að varast.

a. Farið var yfir alla pytti sem ber að forðast við undirbúning á viðburði.

b. Tekin voru dæmi þar sem röng skref voru tekin og farið var yfir afleiðingar þess.

4) Að lokum var efnið dregið örstutt saman. Helstu punktar voru eftirfarandi:

- Viðburðir eru mikilvægir fyrir bæði kynningarstarf og miðlun á söfnum.
- Þeir dýpka skilning á sýningum og auka á upplifun gesta svo þeir vilja koma aftur og aftur.
- Viðburðir eru samfélagslega mikilvægir – þjappa fólki saman og gefa sameiginlega upplifun.
- Viðburðir krefjast mikils undirbúnings og samvinnu starfsfólks
- Stjórnendur verða að styðja starfsfólk og gera sér grein fyrir mikilvægi viðburða og tímanum sem fer í undirbúning, framkvæmd og frágang.
- Góður undirbúningur og gott upplýsingaflæði er lykilatriði. Gefið ykkur langan tíma til að undirbúa hlutina, sjá fyrir það sem getur farið úrskeiðis og hugsað allt til enda.
- Lærið af öllum viðburðum – gefið ykkur tíma til að fara yfir liðinn viðburð því það gerir þann næsta enn betri. Smám saman safnast reynslan saman og úr verður skothelt viðburðateymi.
- Njótið og munið að það er enginn stór skaði skeður þótt hitt og þetta klúðrist.

Þátttakendur tóku virkan þátt í umræðum og mikil samstaða var innan hópsins um mikilvægi viðburða, sem var ánægjulegt að finna. Það sem minni söfn úti á landi glíma helst við í þessum málaflokki sem öðrum, eru fáir starfsmenn sem þurfa að vera allt í öllu og þá þarf ýmislegt að sitja á hakanum, eins og t.d. viðburðarstarf.

Eftir fyrirlesturinn kom fram að þátttakendum þótti hann mjög gagnlegur, praktískur og upplýsandi og höfðu ýmsir orð á því að þeir vildu fá að kynna efni fyrirlestursins betur fyrir sínum kollegum.

Of dýrt, of seint? Hvað ber að gera í bátavarðveislu?

Málstofustjórar: Aníta Elefsen (Síldarminjasafn Siglufjarðar) og Stjórn SÍS

Fjöldi í málstofu: 12

Fáum blandast hugur um hve mikilvægir bátar hafa verið Íslendingum í gegnum aldirnar. Bæði sem samgöngutæki og atvinnutæki til útgerðar og fiskveiða. Þrátt fyrir sögulegt mikilvægi sitt hafa skip og bátar verið hornreka þegar kemur að opinberum styrkjum og á sama tíma verið minjavörslunni krefjandi viðfangsefni. Bátar eru stærri og plássfrekari en flestir aðrir safngripir og því oft bæði dýrt og krefjandi að varðveita þá og viðhalda. Af þeim sökum hafa eigendur ekki alltaf haft fjárhagslegt bolmagn til að varðveita þá við viðunandi aðstæður eða með viðunandi hætti. Jafnframt hefur skort skilning á sögulegu gildi þeirra og hvernig skuli tryggja varðveislu þeirra. Í því ljósi má merkilegt telja hve margt hefur verið vel gert þegar allt kemur til alls. Undanfarin misseri hefur stjórn Sambands íslenskra sjóminjasafna unnið að tveimur viðamiklum verkefnum, annars vegar svokölluðu varðveislumati fyrir skip og báta, og hins vegar heildstæðri bátaskráningu. Í málstofunni voru verkefnin kynnt og málefni bátavarðveislu rædd – en fyrst var farið yfir stöðu málaflokksins.

Hver er staðan?

Árið 2000 var ákveðinn vendipunktur í varðveislu eldri báta þegar minjasöfn landsins tóku að sækja um viðgerðarstyrki beint til fjárlaganefndar Alþingis. Hægt var að sækja um styrki til þingsins fram til 2011 þegar gerð var viss kerfisbreyting, en eftir það í fornminjasjóð. Hagnýttu sér þar margir, auk safna, bæði einstaklingar og félagasamtök. Upphæð styrkjanna hefur verið nokkuð mismunandi eftir verkefnum. Að meðaltali voru veittar 14,4 milljón kr. á ári 2000-2012 en 3,1 milljónir á ári 2013-2019, sem er hvorki meira né minna en 78% lækkun.

Árið 1907 öðluðust gildi *lög um verndun fornmenja*, þau fyrstu sinnar tegundar hér á landi. Lögin tóku m.a. til fornleifa en einnig muna sem skilgreindir voru sem forngripir, svo sem kirkjugripir, gamlir búningar og gamlar myndir. Undir forngripi heyrðu einnig „forn skip, skipspartar og skipabúnaður“.¹ Væntanlega er hér fyrst og fremst átt við jarðfundna báta en einnig virðist opnað á verndun eldri báta á sama hátt og t.d. varðveislu gamals húsbúnaðar og búsaðhalda að því tilskyldu að þeir væru færðir á sérstaka forngripaskrá. Skráðir forngripir nutu

¹ „Lög um verndun fornmenja,“ 4. gr.

friðunar á sama hátt og friðaðar fornleifar. Ekki er kunnugt um að bátar hafi nokkru sinni verið skráðir á forngripaskrá. Með þjóðminjalögum nr. 52/1969 voru bátar ekki lengur skilgreindir sem forngripir og koma reyndar alls ekkert við sögu í þessum lögum. Lög um viðhald fornra mannvirkja voru sett árið 1947 og í lögnum frá 1969 var sérstakur kafli um friðun húsa og annarra mannvirkja. Þá var húsafriðunarnefnd komið á fót og nokkrum árum síðar húsafriðunarsjóði. Ekkert sambærilegt utanumhald var til um báta og er ekki enn.

Tillaga um hvernig styrkja mætti varðveislu eldri skipa fjárhagslega var lögð fram árið 2000 í formi frumvarps til breytinga á lögum nr. 92/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Samkvæmt frumvarpinu var þróunarsjóði gert skylt að „veita byggðasöfnum og sjóminjasöfnum styrki til varðveislu skipa“². Frumvarpið náði ekki fram að ganga en var breytt í þingsályktunartillögu sem samþykkt var árið 2000: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa tillögur um hvernig skuli staðið að varðveislu gamalla skipa og báta sem eru mikilsverðar minjar um atvinnu og byggðasögu. Í því sambandi verði mótaðar reglur um fjármögnun, sem m.a. Þróunarsjóður sjávarútvegsins taki þátt í, og varðveislugildi báta og skipa skilgreint.“³ Í framhaldi af fyrrgreindri ályktun Alþingis var skipuð opinber nefnd „um varðveislu á skipum og bátum sem hafa menningarsögulegt gildi“⁴ sem starfaði á árunum 2000-2001 og skilaði af sér mótuðum hugmyndum. Þá voru í fyrsta skipti settar fram ákveðnar tillögur um bátaverndarsjóð en auk þess friðun, bátaverndarnefnd, bátaflokka, skrá um báta með menningarsögulegt gildi ásamt hugmyndum um mat á varðveislugildi. Ekkert varð frekar úr þessum tillögum og dagaði málið uppi í kerfinu þar sem ekki reyndist pólitískur vilji fyrir að hrinda þeim í framkvæmd. Þingsályktunartillaga um varðveislu og viðhald gamalla skipa og báta var lögð fram á Alþingi árið 2012. Fól hún í sér að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipaði nefnd sem „hefði það hlutverk að gera tillögur um hvernig best megi tryggja varðveislu og viðhald gamalla skipa“.⁵ Nefndinni var gert að taka saman yfirlit um báta með varðveislugildi og finna leiðir til fjármögnunar. Engar umræður fóru fram um málið og var því vísað til menntamálanefndar þar sem þar virðist hafa dagað uppi.

Með lögum um menningarminjar nr. 80/2012 voru skip og bátar í fyrsta skipti skilgreindir sem menningarminjar. Þeir sem eldri voru en 1950 öðluðust þá stöðu fornminja og nutu jafnframt friðunar á grundvelli aldurs. Aldrei hefur reynt á hvað þýðingu þessi ákvæði hafa í raun og veru. Auk þessa er heimilt að friðlýsa skip og báta og beita ákvæðum laganna um skyndifriðun. Með tilkomu laga um menningarminjar skapaðist möguleiki á að sækja um viðgerðarstyrki í fornminjasjóð, einnig fyrir báta sem ekki voru friðaðir á grundvelli aldurs: „Sjóðnum er einnig heimilt að veita styrki til ... minja sem njóta ekki friðunar á grundvelli aldurs en teljast hafa vaðveislugildi, svo sem skipa, báta og annarra samgöngutækja.“⁶ Lögin fela í sér mikilvæga viðurkenningu á þessum minjaflokki og eru mikið framfaraskref fyrir bátavernd í landinu.

² „Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum,“ 1. gr.

³ „Þingsályktun um varðveislu báta og skipa.“

⁴ „Varðveisla gamalla skipa og báta,“ (menntamálaráðherra Þorgerður K. Gunnarsdóttir).

⁵ „Tillaga til þingsályktunar um varðveislu og viðhald gamalla skipa og báta,“ bls. 1.

⁶ „Lög um menningarminjar nr. 80/2012“, 42. gr.

Eins og áður segir eru flestir eldri bátar í eigu safna og hafa þeir lengst af verið skoðaðir sem safngripir. Minni áhersla hefur lögð á báta í eigu einkaaðila, sérstaklega þá sem eru floti en teljast samt ekki vera atvinnutæki. Mikilvægt er að koma til móts við eigendur þessara báta með einum eða öðrum hætti til þess að auðvelda þeim að geta átt þá og hafa í sínu rétta umhverfi – á floti. Verndun eldri skipa og báta hefur fyrst og fremst verið í höndum safna hér á landi. Samanlagt eiga þau um 190 fleytur en engin þeirra hefur verið tekin til varðveislu á grundvelli samræmds mats enda hefur það ekki verið til staðar – þar til nú. Samt sem áður hafa söfnin þurft að leggja ýmislegt til grundvallar þegar teknar voru ákvarðanir um varðveislu. Þannig hefur t.d. verið afar mikilvægt fyrir þau að kynna sér sögu hlutaðeigandi báta. Margir þeirra áskotnuðust jafnframt söfnunum að frumkvæði einstaklinga. Sérstakur bátaverndarsjóður er ekki til en tillögur þar að lútandi hafa verið lagðar fram á Alþingi þótt þær hafi ekki náð fram að ganga.

Varðveislumatið

Leiðarvísirinn er tekinn saman á vegum Sambands íslenskra sjóminjasafna en um 20 söfn, setur og sýningar eiga aðild samtökunum. Minjastofnun Íslands og Safnasjóður styrktu verkefnið.

Mikilvægasta undirstaðan fyrir varðveislumat skipa og báta er að sem ýtarlegastar upplýsingar liggi fyrir um þá. Nýlega hefur verið tekin saman skrá yfir báta í eigu safna, setra og sýninga á vegum Sambands íslenskra sjóminjasafna. Skráin gefur heildaryfirlit yfir þennan stærsta hóp eldri báta í landinu ásamt greinargóðri samantekt um hvern og einn þeirra. Bátar sem ekki eru í þessari skrá og ætlunin er að meta þarf sérstaklega að afla upplýsinga um. Staðlaðir listar og leiðbeiningar um skráningu eldri báta liggja þegar fyrir og verða notaðir við þá vinnu.

Þar að auki er fyrirhugað að taka saman yfirlit yfir eldri báta í eigu einkaaðila og aðra áhugaverða báta sem kunna að koma í leitirnar. Þegar er vitað um töluverðan fjölda slíkra báta. Markmiðið er að á endanum verði til skrá yfir flesta eða alla eldri báta í landinu sem teljast í meiri eða minna mæli hafa sögulegt gildi. Heildarskrá er undirstöðuatriði fyrir faglegt mat á varðveislugildi þar sem hún gefur nauðsynlega yfirsýn til að byggja á.

Við vinnslu leiðarvísisins var tekið mið af hliðstæðum matsreglum á hinum Norðurlöndunum. Miklar upplýsingar liggja fyrir á netinu en þar að auki var haft beint samband við aðila þar ytra eins og t.d. Skibsbevaringsfonden í Danmörku. Segja má að ýmsar hugmyndir og verklag í þessu hefti séu fengnar að láni, sérstaklega frá Danmörku, en sumt er frumsmíði eða innblásið samkvæmt norrænum fyrirmyndum. Í þessu sambandi má nefna að Norðurlöndin hafa ákveðið samráð sín á milli við bátavernd og fá gjarnan hugmyndir að láni hvort hjá öðru við mótun eigin reglna.

Leiðarvísirinn er ætlaður öllum þeim sem koma að varðveislu eldri báta, t.d. sjóminjasöfnum og Sambandi íslenskra sjóminjasafna en einnig stofnunum sem vinna að minjavernd. Þá mun leiðarvísirinn koma að góðum notum fyrir hugsanlegan hóp sérfræðinga sem hefði

varðveislumat á sinni könnu, bátaverndarnefnd eða viðlíka, ef að hún verður einhvern tímann stofnuð.

Tilgangur varðveislumats eldri skipa og báta er fyrst og fremst að stuðla að bættri bátavernd og gera alla vinnu markvissari við ákvarðatökur um hvað æskilegt sé að varðveita fyrir framtíðina og hvað ekki.

- Í fyrsta lagi matinu er ætlað að tryggja að ákvörðun um að taka bát til varðveislu sé byggð á faglegum grunni og þekkingu á menningarsögulegu gildi hans, bæði staðbundið og á landsvísu.
- Í öðru lagi að vera hjálpartæki við að finna og benda á hvaða skip og báta úti í þjóðfélaginu sé rétt að varðveita fyrir framtíðina og koma þannig í veg fyrir að þeim verði hugsanlega fargað.
- Í þriðja lagi að vera hlpartæki við endurmat á varðveislugildi báta í eigu safna, setra og sýninga með hugsanlega grisjun eða aðra ráðstöfun í huga.
- Í fjórða lagi að vera þeim aðilum til stuðnings sem hafa áhuga á varðveislu eldri báta og sjá sér hag í því að bátar í þeirra eigu undirgangist mat.
- Í fimmta lagi að vekja athygli á bátum sem hafa varðveislugildi samkvæmt undangengnu mati.
- Í sjötta lagi getur undirbúningsvinna við varðveislumat komið að miklu gagni þegar taka á ákvörðun um hvernig standa skuli að viðgerðum eða endursmíði báta.
- Í sjöunda lagi að niðurstöður matsins skapi mikilvæga undirstöðu fyrir ákvarðatökur um úthlutun styrkja til skipa og báta.
- Í áttunda lagi að góð útkoma úr varðveislumati geti stutt við umsóknir bátaeigenda um styrki í opinbera sjóði.

Um fornbataskrána

Að gerð þessarar bátaskrár stendur Samband íslenskra sjóminjasafna (SÍS). Tilgangurinn með henni var að safna upplýsingum um fornþáta landsins og gefa yfirlit yfir stöðu bátaverndar í landinu, hvaða bátar hafa verið teknir til varðveislu, lýsa þeim, segja sögu þeirra o.fl. Lögð var áhersla á gildi einstakra báta en einnig að fá yfirsýn yfir hvað til er í landinu og draga fram sérstöðu bátanna sem hluta af heild. Báatskráin var styrkt á myndarlegan hátt af Safnasjóði og Fornminjasjóði og er þeim þakkað fyrir ómetanlegan stuðning. Einnig ber að þakka

Borgarsögusafni, Þjóðminjasafninu og Síldarminjasafninu fyrir fyrir þeirra framlag, þ.e. vinnu starfsmanna þeirra sem stjórnarmanna SÍS en hún fór að hluta fram í vinnutíma þeirra.

Skráin mun vonandi stuðla að bættri bátavernd og auðvelda alla vinnu við ákvarðatökur um hvað æskilegt sé að varðveita til framtíðar og hvað ekki. Það getur bæði átt við um ný aðföng á söfnum, báta sem ekki hafa hlotið formlega viðurkenningu sem safngripir og grisjun, en þá er yfirsýn grundvallaratriði. Þá mun skráin væntanlega einnig koma að gagni við styrkveitingar.

Ennfremur er skránni ætlað er að gera bátaarfinn sýnilegan umfram það sem nú er í þeirri von að auka skilning stjórnvalda og almennings á gildi hans. Skráin mun jafnframt stórbæta aðgengi almennings að þessum hluta menningararfsins og auðvelda frekari rannsóknarvinnu.

Skrá þessi nær ekki yfir alla fornbáta á Íslandi enn sem komið er. Hún tekur til báta í vörslu safna, sýninga og setra ásamt bátum sem eru á skipaskrá Samgöngustofu, þ.e. eru sjófærir, og eru eldri en 1950. Heildarfjöldinn er um 190, þar af eru á skipaskrá Samgöngustofu um 10%.

Bátar eldri en 1950 eru friðaðir skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Í þeim lögum voru bátar einnig skilgreindir sem menningarminjar í fyrsta skipti.

Með því að sníða skránni þennan stakk er hún skýrt afmörkuð. Fyrirhugað er að halda skráningunni áfram sem fyrst með því að láta hana ná einnig til báta eldri en 1950 sem hvorki eru á skipaskrá Samgöngustofu né í umsjón safna og báta sem smíðaðir voru á árunum 1950-1970.

Nú þegar liggja fyrir upplýsingar um töluverðan fjölda báta í eigu einstaklinga, félagasamtaka og hópa sem ekki eru gerð skil hér. Má t.d. nefna elsta bát landsins, áttæringinn Breið frá Vigur á Ísafjarðardjúpi, venjulega kallaður Vigur-Breiður, og teinæringinn Egil frá Hvallátrum á Breiðafirði. Báðir eru þeir varðveittir á þurru landi en að auki fyrirfinnast allmargir árabátar og opnir vélbátar sem enn eru í notkun. Skráning þessarra báta og fleiri er sérstakt verkefni sem stefnt er að því að vinna í náinni framtíð.

Þá skal þess getið að gert ráð fyrir að fornbátaskráin verði lifandi, þ.e. að hún verði uppfærð reglulega. Nýjar upplýsingar munu koma fram í dagsljósið þegar frá líður, t.d. þegar skráin kemur fyrir augu almennings og þegar gerðar verða sérstakar ransóknir á einstökum bátum. Einnig þarf að hafa í huga að líftími báta er mun minni en t.d. húsa, sérstaklega ef ekki er sinnt um viðhald þeirra sem skyldi af einhverjum ástæðum.

190 skip og bátar – hvar?

Á Íslandi hafa opinber minjasöfn fengið það hlutverk að varðveita fornbáta og flestir bátarnir sem hér eru skráðir eru í eigu þeirra. Í nágrannalöndunum er algengt að einstaklingar og félagasamtök eigi fornbáta og leggi til sjálfbóðaliðsvinnu og jafnvel fjármuni í því skyni halda fleytum sínum á sjó og í góðu standi. Til þess eru þeir hvattir af opinberum aðilum sem greiða fyrir efniskostnað og fleira. Afar gagnlegt væri ef fyrirkomulag af því tagi kæmist á héraendis í auknum mæli. Tekið skal fram að hér er ekki átt við báta í atvinnurekstri.

Átján minjasöfn sem hlotið hafa viðurkenningu Safnaráðs, eða rúmlega 50% þeirra, varðveita nú báta. Þar við bætast fimm safnvísar, setur eða sýningar. Bataeignin er auðvitað mismikil en þau sem lagt hafa hvað mesta áherslu á söfnun báta eru Byggðasafn Akraness og nærsveita, Bátasafn Breiðafjarðar á Reykhólum, **Minjasafn Egils Ólafssonar** á Hnjóti, Byggðasafn Vestfjarða á Ísafirði, **Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna**, Síldarminjasafn Íslands, Safnahúsið á Húsavík, Sjóminjasafnið á Eskifirði, **Byggðasafn A-Skaftafellssýslu**, **Byggðasafnið í Skógum**, Byggðasafn Vestmannaeyja, Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, Borgarsögusafn og Byggðasafn Garðskaga.

Um 190 skip og bátar eru í eigu safna, safnvísa, setra eða sýninga, en varðveittum trébátum hefur fjölgað umtalsvert á seinni árum og má þar t.d. nefna framtak Bátasafns Breiðafjarðar á Reykhólum. Aðallega eru þetta litlir trébátar, flestir frá 20. öld, sem fyrst og fremst hafa verið notaðir við fiskveiðar en einnig þilfarsbátar og fáein stálskip. Margir arabátar eru frá 19. öld og einnig er töluvert um opna vélbáta. Flestir þilfarsbátar eru á bilinu 8-13 tonn, fáeinir um 30 til 85 tonn, en langstærst er varðskipið Óðinn, 882 tonn eða tæpir 60 metrar á lengd. Plastbátar hafa enn ekki verið teknir til varðveislu. Aðeins örfáir bátar eru varðveittir á floti.

Auk þeirra báta sem nefndir hafa verið hér að ofan eru margir eldri bátar og skip í eigu einstaklinga, félagasamtaka og fyrirtækja, en sumir af þessum bátum eru enn á sjó. Hér má t.d. nefna elsta bát landsins, Vigur – Breið, sem talinn er smíðaður fyrir 1830, teinæringinn Egil í Hvallátrum á Breiðafirði frá 1904, Hönnu ST 49 smíðuð 1899, Blátind VE 21 smíðaður 1938, Hval 6 smíðaður 1945 og björgunarbátinn Þorstein frá um 1900. Þá hafa hvala- og selaskoðunarfyrirtæki notað gömul tréskip við starfsemi sína. Að vísu hefur skipunum verið töluvert breytt frá upprunalegri mynd til að fullnægja kröfum um siglingu með farþega.

Á seinni árum hefur áhugi á gömlum trébátum farið vaxandi sem lýsir sér m.a. í auknu og betra viðhaldi. Undir það heyrir endurheimt eldra handverks sem er eitt af stóru málunum í allri bátavernd. Nokkrir bátar hafa verið teknir til viðgerðar og gerðir sjófærir á ný, haldin bátasmíðanámskeið og fáeinir súðbyrðingar smíðaðir frá grunni. Hér má ennfremur nefna fjögurra klukkustunda mynd eða leiðarvísi um smíði á súðbyrðingi, sem Ásdís Thoroddsen kvikmyndaleikstjóri gerði í samvinnu við Bátasafn Breiðafjarðar og út kom á tveimur geisladiskum árið 2010.

Það háir einnig fornbátavernd hérlendis að stjórnsýslulegt utanumhald skortir á borð það sem tíðkast í öðrum löndum og sem Minjastofnun Íslands annast fyrir byggingar. Því til viðbótar vantar sérfræðing í fornbátavernd hliðstæðan fornleifafræðingum sem sinna jarðfundnum minjum.

Blái skjöldurinn - Öryggismál á söfnum

Málstofustjórar: Nathalie Jaquemet (Sjálfstætt starfandi) og María Karen Sigurðardóttir (Borgarsögusafn Reykjavíkur)

Fjöldi í málstofu: 21

Á málstofu Bláa skjaldarins var María Karen Sigurðardóttir með stutta kynningu á starfsemi Bláa skjaldarins, farið var yfir það helsta sem samtökin standa fyrir, núverandi verkefni og framtíðarmarkmið. En framtíðarmarkmið samtakanna eru að vera með námskeið í gerð viðbragðs- og neyðaráætlana á landsvísu, í hverjum landshluta fyrir sig. Á áætlun er einnig að nálgast sjálfa eigendur safnanna (sveitafélögin) auk safnstjóranna en hugmyndin er að styrkja tengsl safnanna við Almannavarnarnefndir. Sagt var frá að ætlunin er að setja á laggirnar nefnd sjálfbóðaliða sem myndi vinna að björgun menningarverðmæta þegar hætta steðjar að.

Nathalie sagði frá aðgerðum sem farið var í á Skógarsafni í eldgosinu í Eyjafjallajökli 2010; Byggðasafni Árnesinga eftir jarðskjálftann árið 2008 og svo „Pilot-verkefninu í Norður þingi sem er hugmyndin að verði fyrirmynd annara sveitarfélaga hvernig bregðast skal við vá. Síðan fór Nathalie Jacquemet yfir uppbyggingu viðbrags- og björgunaráætlunar fyrir safnkost á söfnum. Þátttakendur voru hvattir til að ræða öryggismál og deila reynslu sinni.

Að lokum var farið í hópavinnu með áherslu að leysa hagnýtt verkefni. Hver hópur tók fyrir eitt safn t.d. safnið sem einn meðlimur hópsins starfar á og spurningum er lúta að starfsseminni svarað. Síðan kynnti hver hópur sitt verkefni og tók þátt í samræðum.

Vettvangsferð

Heilum degi var varið í vettvangsferðir sem var góð upphitun fyrir árshátíðina sem var haldin um kvöldið. Hópnum var skipt í tvennt og byrjaði annar hópurinn á heimsókn í Minjasafnið að Hnjóti og endaði í Listasafni Samúels Jónssonar í Selárdal og hinn hópurinn byrjaði í Selárdal og endaði að Hnjóti. Leiðsögumenn voru í báðum rútum sem fræddu farþega um staðhætti og sögu, en þeir skiptu ferðunum á milli sín. Björn Ágúst Jónsson fór með farþega í Selárdal á meðan Óskar Leifur Arnarsson var með leiðsögn að Hnjóti.



Í Selárdal tóku Ólafur Engilbertsson, Kári Schram og Gerhard König á móti okkur með kaffi og kruðeríi í kirkjunni hans Samúels. Áhugasamir farskólanemar fræddust um Samúel Jónsson, tilurð safnsins og þá miklu uppbyggingu og forvörslu sem farið hefur fram á svæðinu í rúm 20 ár. Á meðan farskólanemar gæddu sér á kaffi og kökum gátu þeir gengið um ótrúlegt sköpunarverk Samúels á þessum afskekktastað í Arnarfirði. Þegar keyrt var í gegnum Bíldudal var stoppað hjá Gísla Ægi Ágústssyni á Vegamótum sem bauð upp á

dýrindis plockfisk og rúgbrauð með. Farskólanemar áttu eftir að kynnst Gísla betur síðar en ekki nóg með að matreiða veislumat kvöldsins á árshátíðinni hélt hann stuðinu gangandi fram eftir nóttu með hljómveitinni *Glæstar vonir*.

Í Minjasafni Egils Ólafssonar að Hnjóti tók farskólastjórinn og safnstjórinn Inga Hlín Valdimarsdóttir á móti fólki með síðdegishressingu. Farskólanemar fengu góða innsýn í sögu safnsins og gripina sem það varðveitir í gegnum skemmtilega frásögn Ingu Hlínar. Þegar haldið var aftur á Patreksfjörð var stoppað í fjörunni í Skápadal við *Garðar* sem er elsti stálbátur Íslendinga. Skipið var smíðað árið 1912 í Noregi en var siglt ónýtu í land árið 1981 og hefur almenningur haft aðgang að honum til að skoða síðan þá.



Eftir leiðindar lægð daginn áður lék veðrið við farskólanema þennan vettvangsferðadag sem gerði útiveruna frískandi og skemmtilega.

Niðurstöður úr skoðanakönnun

Þar sem að fyrirkomulag farskólans 2019 var með nokkuð breyttu sniði ákvað farskólastjórnin að senda út skoðanakönnun til þáttakenda til þess að grennslast fyrir um það hvernig til tókst. Var hún hugsuð sem mikilvægt tæki til þess að athuga hvort fyrirkomulagið væri hugsanlega komið til að vera eða hvort þáttakendur vildu sjá annað fyrirkomulag á farskóla Físos í framtíðinni.


Könnunin var mjög einföld í sniðum með fjórum spurningum, sem voru:

- 1) Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með nýtt fyrirkomulag málstofa á farskóla?
- 2) Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varstu með framkvæmd og skipulagningu farskólans?
- 3) Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varstu með heimsóknir sem farnar voru í farskólanum?
- 4) Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varstu með framboð af málstofum, sér í lagi efnisþætti sem í boði voru?

Að auki var þáttakendum boðið að setja fram athugasemdir, já- eða neikvæðar, um framkvæmd skólans.


Svörun var heldur dræm eða 28 af þeim 88 (32%) sem skráðir voru í farskólann og hefðu stjórnendur skólans viljað fá meiri þátttöku.

Niðurstöðurnar eru eftirfarandi:




Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varstu með framkvæmd og skipulagningu farskólans?

28 responses




Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varstu með heimsóknir sem farnar voru í Farskólanum?

28 responses



Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varstu með framboð af málstofum, sér í lagi efnisþætti sem í boði voru?

28 responses



Þrettán þátttakendur sendu svo inn athugasemdir. Eðli málsins samkvæmt voru athugasemdir þátttakanda fjölbreyttar. Flestar voru almennt jákvæðar, en ein áberandi neikvæð. Ýmist fannst fólki málstofurnar of stuttar eða of langar, en það getur verið snúið að vinna rétta jafnvægið þar. Einnig óskuðu sumir eftir fjölbreyttari fyrirlesurum, og þá aðila sem stóðu utan við fagið.

Túlkun á niðurstöðum:

Fyrst verður að hafa það í huga að svörun könnunnarinnar var fremur dræm og varast ber að draga of miklar ályktanir út frá henni. Hinsvegar gefur hún vísbendingu um að almenn ánægja hafi verið með nýtt málstofuform. Án efa má útfæra það með öðrum hætti og verður það verkefni farskólastjórnenda komandi farskóla, en vonandi að þessar niðurstöður vegi nýju formi byr undir báða vængi.

Ársreikningar Farskóla FÍSOS 2019

Tekjur:

Í sjóði farskóla:	974.413	kr.
Styrkur úr Safnasjóði	1.800.000	kr.
Farskólagjöld	1.580.000	kr.
Rútuferðir	210.000	kr.
Innvextir	1.063	kr.
Samtals	4.565.476	kr.

Gjöld:

Rúta	519.600	kr.
Veitingar á vesturleið	115.527	kr.
Húsið fordrykkur	202.000	kr.
Kostnaður vegna fyrirlesara	313.251	kr.
Lionsklúbbur Patreksfjarðar	132.500	kr.
- Skjaldborgarbíó		
- Vinna á árshátíð		
Kvenfélagið Sif	59.250	kr.
- Dúkaleiga og aðstoð í eldhúsi		
Leiga á félagsheimili	123.900	kr.
Kaffiveitingar og snittur	274.800	kr.
Vettvangsferðir	474.500	kr.
Móttaka í Selárdal	85.000	kr.
Drykkir í rútu	146.662	kr.
Veitingar í hádegi og á árshátíð	1.025.100	kr.
Servíettur og kerti	4.302	kr.
Skemmtiatriði á árshátíð	280.000	kr.
Skemmtanaleyfi	33.000	kr.
Þjónustugjöld	4.160	kr.
Samtals	3.793.552	kr.

Þátttakendur Farskóla FÍSOS 2019

Aldís Snorradóttir, Listasafn Reykjavíkur

AlmaDís Kristinsdóttir, Borgarsögusafn Reykjavíkur

Anita Elefsen, Síldarminjasafn Íslands

Anna G Ásgeirsdóttir, Listasafn Íslands

Anna Katrín Guðmundsdóttir, Náttúruminjasafn Íslands

Anna Þórunn Hjálmarsdóttir, Minjasafnið á Akureyri

Ármann Guðmundsson, Þjóðminjasafn Íslands

Beata Brodowska, Minjasafn Austurlands

Benjamín Kristinsson, Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna

Berglind Þorsteinsdóttir, Byggðasafn Skagfirðinga

Birna María Ásgeirsdóttir, Borgarsögusafn Reykjavíkur

Björk Eldjárn Kristjánsdóttir, Byggðasafnið Hvoll

Cecilie C. Gaihede, Rekstrarfélag Sarps

Drífa Kristín Þrastardóttir, Borgarsögusafn Reykjavíkur

Edda Halldórsdóttir, Listasafn Reykjavíkur

Elsa Guðný Björgvinsdóttir, Minjasafn Austurlands

Eva Kristín Dal, Þjóðminjasafn Íslands

Eyrún Helga Ævarsdóttir, Menningarmiðstöð Hornafjarðar

Eyrún Hrefna Helgadóttir, Minjasafn Austurlands

Guðlaug Dröfn Gunnarsdóttir, Safnahús Borgarfjarðar

Guðný Dóra Gestsdóttir, Gljúfrasteinn

Guðný Zoëga, Byggðasafn Skagfirðinga

Guðrún Jóna Halldórsdóttir, Listasafn Íslands

Guðrún Jónsdóttir, Safnahús Borgarfjarðar

Gunnþóra Halldórsdóttir, Kvikmyndasafn Íslands
Halldóra Jónsdóttir, Menningarmiðstöð Hornafjarðar
Harpa Þórsdóttir, Listasafn Íslands
Heiðrún Eva Konráðsdóttir, Byggðasafn Hafnarfjarðar
Helga Einarsdóttir
Helga Jónsdóttir, Skógasafn
Helga Lára Þorsteinsdóttir, RÚV
Helga Maureen Gylfadóttir, Borgarsögusafn Reykjavíkur
Helga Vollertsen, Þjóðminjasafn Íslands
Helgi máni Sigurðsson, Borgarsögusafn Reykjavíkur
Helgi Máni Sigurðsson, Borgarsögusafn Reykjavíkur
Hilma Kristín Sveinsdóttir, Gljúfrasteinn
Hjördís Pálsdóttir, Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla
Hjördís Pálsdóttir, Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla
Hjörtur Þorbjörnsson, Grasagarður Reykjavíkur
Hlín Gylfadóttir, Borgarsögusafn Reykjavíkur
Hólmar Hólm, Hafnarborg
Hörður Geirsson, Minjasafnið á Akureyri
Hrafnhildur Eyjólfsdóttir, Þjóðminjasafn Íslands
Hrafnhildur Eyjólfsdóttir, Þjóðminjasafn Íslands
Hrönn Snæbjörnsdóttir, Borgarsögusafn
Inga Jónsdóttir, Listasafn Árnesinga
Inga Katrín D. Magnúsdóttir, Byggðasafn Skagfirðinga
Inga Hlín Valdimasdóttir, Hnjótur - Minjasafn Egils Ólafssonar
Ingibjörg Áskelsdóttir, Borgarsögusafn
Ingibjörg Hannesdóttir, Listasafn Reykjavíkur

Ingiríður Óðinsdóttir, Hönnunarsafn Íslands
Íris Gyða Guðbjargardóttir, Borgarsögusafn Reykjavíkur
Jóhanna Bergmann, Þjóðminjasafn Íslands
Jón Allansson, Byggðasafnið í Görðum, Akranesi
Jóna Símonía Bjarnadóttir, Byggðasafn Vestfjarða
Kristín Halla Baldvinsdóttir, Þjóðminjasafn Íslands
Kristín Harðardóttir, Náttúruminjasafn Íslands
Kristín Þóra Guðbjartsdóttir, Listasafn Árnesinga
Kristína R. Berman, Síldarminjasafn Íslands
Linda Salbjörg Guðmundsdóttir, Háskóli Íslands - Safnafræði
Lýður Pálsson, Byggðasafn Árnesinga
Margrét Hallgrímsdóttir, Þjóðminjasafn Íslands
Margrét Marteinsdóttir, Gljúfrasteinn
María Karen Sigurðardóttir, Borgarsögusafn Reykjavíkur
Markús Þór Andrésson, Listasafn Reykjavíkur
Nathalie Jacqueminet, Sjálfstætt starfandi
Ólafur Kvaran, Safnaráð
Óskar Leifur Arnarsson, Minjasafnið að Hnjóti
Pétur Sörensson, Fjarðabyggð
Ragna Gestsdóttir, Minjasafnið á Akureyri
Rósa Karen Borgþórsdóttir, Byggðasafn Hafnarfjarðar
Sandra Sif Einarsdóttir, Þjóðminjasafn Íslands
Sigríður Regína Sigurþórsdóttir, Kvikmyndasafn Íslands
Sigríður Þorgeirsdóttir, Þjóðminjasafn Íslands
Sigrún Ásta Jónsdóttir, Gljúfrasteinn
Sigurbjörg Ásgeirsdóttir, Minjasafnið að Hnjóti

Sigurður Gunnarsson, Listasafn Íslands
Sigurlaug Jóna Hannesdóttir, Þjóðminjasafn Íslands
Sigurlaugur Ingólfsson, Borgarsögusafn
Soffia M.Magnúsdóttir, Nemi í safnafræði
Steinunn M. Sveinsdóttir, Síldarminjasafn Íslands
Valdís Einarisdóttir, Byggðasafn Dalamanna
Þóra Björk Ólafsdóttir, Safnaráð
Þóra Hrafnisdóttir, Náttúruminjasafn Íslands
Þóra Sigurbjörnsdóttir, Hönnunarsafn Íslands
Þórir Ingvarsson, Þjóðminjasafn Íslands
Þorvaldur Böðvarsson, Þjóðminjasafn Íslands